



„Við kýldum á það...”

Upplifun háskólakennara á því að kenna í
fjarnámi í fyrsta sinn. Hindranir og
hvatning

Ása Björk Stefánsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið

„Við kýldum á það...“
Upplifun háskólakennara á því að kenna í fjarnámi
í fyrsta sinn. Hindranir og hvatning

Ása Björk Stefánsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed gráðu í uppeldis –og kennslufræðum
Leiðbeinandi: Þuríður Jóhannsdóttir

Menntavísindasvið Háskóla Íslands
September 2010

„Við kýldum á það...“ Upplifun háskólakennara á því að kenna í
fjarnámi í fyrsta sinn. Hindranir og hvatnig

Lokaverkefni til meistaraþrófs við uppeldis –og menntunarfræðideild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2010 Ása Björk Stefánsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentsmiðja xxx

Reykjavík, 2010

Formáli

Þessi ritgerð er til fullnaðar M.Ed. gráðu í uppeldis –og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vægi ritgerðarinnar er 30 ECTS einingar en hún byggist á eigindlegri rannsókn á upplifun háskólakennara á því að fjarkenna í fyrsta sinn.

Rannsóknin fór fram veturinn 2008-2009 og þátttakendur í rannsókninni voru þrír starfandi kennarar og verkefnisstjóri við mannfræðiskor Háskóla Íslands. Ég vil þakka viðmælendum mínum í rannsókninni fyrir þeirra framlag og þátttöku.

Leiðbeinandi var Þuríður Jóhannsdóttir lektor og sérfræðilega ráðgjöf veitti Sólveig Jakobsdóttir dósent. Þær eru báðar starfandi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þeim þakka ég góða og lærdómsríka leiðsögn og ekki síður skemmtileg kynni.

Drengjunum mínum þremur færi ég miklar þakkir fyrir hvatningu og ómælda þolinmæði á meðan á þessari vinnu stóð. Þorvaldi Sverrissyni þakka ég enska þýðingu á ágripi. Lilju Magnúsdóttur, Ingunni Snædal og Ólafi Harðarsyni þakka ég yfirlestur.

Ágrip

Vorið 2008 var ákveðið innan mannfræðiskorar Háskóla Íslands að bjóða fjarnemum aðgang að námskeiðum sem einungis staðnemar sóttu áður. Þá um haustið var farið af stað með slíkt fjarkennsluform. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka og greina hvernig háskólakennarar takast á við nýtt kennsluform þegar þeir þurfa að kenna námskeið sín með nýjum áherslum þar sem nálgast þarf fjarnemendur með hjálp upplýsingatækni.

Rannsóknarspurningarnar sem lágu til grundvallar voru: Hvernig upplifa háskólakennarar það að kenna í breyttu vinnuumhverfi þar sem þeir þurfa að fjarkenna og nota upplýsingatækni í þeim tilgangi? Hvaða erfiðleika glíma þeir við í kennslu og hvað auðveldar þeim að yfirstíga hindranir við þessar breyttu aðstæður? Hvaða áhrif hefur stoðþjónusta, tæknileg og kennslufræðileg, á kennslu og upplifun kennara?

Notuð var eigindleg rannsóknaraðferð. Gagna var aflað með tíu viðtölum við þrjá kennara og verkefnastjóra mannfræðiskorar. Einnig lágu til grundvallar heimasíður námskeiða viðkomandi kennara til glöggvunar á umfangi námskeiða og notkun upplýsingatækni. Þá eru bókanir í fundargerðum skorarinnar frá þessum tíma skoðaðar og bornar saman við orð viðmælenda um hvernig ákvarðanir eru teknar.

Niðurstöður sýna að undirbúa þarf jarðveginn vel innan stofnunar þegar tekin er ákvörðun um jafn stórar breytingar á kennsluháttum og hér var um að ræða. Allir sem taka þátt í kennslunni þurfa að vera með í að móta stefnuna og undirbúa kennsluna. Umbuna þarf fyrir aukna vinnu sem fylgir og veita meiri kennslufræði- og tæknilegan stuðning við kennara í upphafi. Það sem hvetur kennara áfram í frumkvöðlastarfi sem þessu er fyrst og fremst innri hvöt; áhugi kennara á að takast á við nýtt kennsluform og að nýta tæknina meira en þeir hafa áður gert þrátt fyrir aukið vinnuálag og litla umbun. Þá hvetur áskorun sem þessi, að kenna í fyrsta sinn í fjarnámi, til að kennarar vinni meira saman til að ná settu marki.

Rannsókn þessi er liður í að efla rannsóknir á sviði fjarkennslu hér á landi og þá sérstaklega í Háskóla Íslands þar sem ekki hefur verið mikið um slíkar rannsóknir. Þá er von mín að hún verði innlegg í umræðuna um stöðu kennara þegar kemur að því að innleiða fjarkennslu í háskólum

Abstract

In the spring of 2008, the Department of Anthropology at the University of Iceland made several courses available to off-campus students, that had previously been available only to regular on-campus students. Teaching in a distance learning format began in the fall of that year. The aim of the present study is to analyse how faculty deals with problems specific to the novel teaching format, with its IT-based interaction with students and educational priorities that differ in some respects from their regular methods. The research questions underlying the study are: How do university teachers experience teaching in a changed environment where almost all communication with students is IT-based and direct contact very limited? What are the principal difficulties they come across teaching in the new format and what helps them overcome these difficulties? How do support services, technical as well as educational, affect teaching quality and the faculty's experience of teaching?

This is a qualitative study. Data were collected through 10 interviews with 3 faculty members and the project manager at the Anthropology Department. Course websites, run by the professors, were examined to evaluate the scope of each course and the use of information technology in each of them. Minutes from department meetings were also used, particularly for comparison with the interviewee's after-the-fact descriptions of the decision making process.

The results show the importance of thorough groundwork, preparation and planning before a radically new teaching method is implemented. All parties involved in the teaching and technical aspects of the new program should be actively involved in this process. Fair compensation for the extra work involved is necessary, and extensive educational and technical support for teachers is called for in the early stages of implementation. The motivation for faculty to participate in pilot programs of this nature appears to be primarily internal – their interest in applying new teaching methods and technology despite increased workload and limited financial compensation. At the same time, participation in the program encourages cooperation between faculty members and their sense of a common goal.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip.....	5
Abstract	6
Efnisyfirlit	7
Myndaskrá.....	9
1 Inngangur	11
2 Bakgrunnur rannsókna.....	15
2.1 Fjarnám í íslenskum háskólum	15
2.2 Fjarnám í Háskóla Íslands.....	16
2.2.1 Upphaf fjarnáms við mannfræðiskor.....	18
2.3 Fyrri rannsóknir á sviðinu	19
2.4 Rannsóknarspurningar og markmið rannsókna	22
3 Fjarnám á háskólastigi, ákvarðanir og námssamfélag	25
3.1 Ákvarðanir um fjarnám.....	25
3.2 Námssamfélag.....	26
4 Rannsóknaraðferð	31
4.1 Eigindleg aðferðafræði.....	31
4.2 Tilviksrannsókn (e. Case Study).....	31
4.3 Þátttakendur	32
4.4 Gagnaöflun.....	33
4.5 Viðtölin	33
4.6 Greining gagna.....	34
4.7 Siðferðileg atriði	36
5 Niðurstöður	37
5.1 Ákvörðun	38
5.1.1 Ákvörðunin út frá sjónarhorni verkefnisstjóra námsbrautar í mannfræði.....	39
5.1.2 Ákvarðanatökan út frá sjónarhorni kennara	42
5.2 Kennslan	45
5.2.1 Upphaf kennslu	45
5.2.2 Framvinda kennslu	52
5.3 Horft yfir farinn veg og framtíðarsýn	63

6	Samantekt á niðurstöðum.....	67
6.1	Ákvörðunin.....	67
6.2	Kennslan og notkun upplýsingatækni.....	68
6.3	Samskipti við nemendur.....	71
6.4	Líðan kennara.....	73
6.5	Framtíðin.....	74
7	Umræða.....	77
7.1	Hindranir.....	77
7.2	Hvatning.....	82
7.3	Framtíðin.....	83
8	Að lokum.....	85
	Heimildaskrá.....	87

Myndaskrá

Mynd 1. Námssamfélag (byggt á Garrison og Anderson, 2006, bls. 28).....	28
Mynd 2. Fimm þrepa módel (byggt á Salmon, 2003, bls 11.).....	29
Mynd 3. 4-E módelið (byggt á Collis og Moonen, 2005, bls 62).....	35

1 Inngangur

Þessi ritgerð er meistaraþrófsverkefni til MA gráðu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem skoðuð verður innleiðing á fjarkennslu í mannfræðiskor Háskóla Íslands veturinn 2008 - 2009, undirbúningur hennar og framvinda. Sjónarhorninu er beint að kennurum og upplifun þeirra á því að kenna námskeið sín í fyrsta sinn með fjarnemendum ásamt staðnemendum skráðum í námskeiðin.

Ég hef til margra ára haft mikinn áhuga á fjarkennslu og aðstoðað kennara við að nýta upplýsingatækni í kennslu og nota aðferðir sem gera kennslu fjölbreyttari bæði í stað- og fjarnámi. Ég vann m.a. þróunaráætlun fyrir meistaranám með fjarnámssniði við Háskólann á Bifröst og fylgdi henni eftir með áframhaldandi verkefnastjórn þar sem mikill tími fór í að fá kennara til að taka þátt og trúa á fyrirkomulagið. Um tíma vann ég á Kennslumiðstöð Háskóla Íslands þar sem ég aðstoðaði m.a. fjarkennara og núna starfa ég sem kennsluleiðbeinandi við Háskólann í Reykjavík og rekst oft á tíðum á þrautreynda kennara sem þurfa á aðstoð að halda þegar tekist er á við það verkefni að kenna í fjarnámi. Það vakti því strax áhuga minn þegar starfsfólk mannfræðiskorar Háskóla Íslands ákvað að bjóða fjarnemum að skrá sig í námskeið skorarinnar ásamt staðnemum. Ég sá í hendi mér að þarna væri komið gott tilefni til að rannsaka viðbrögð og viðhorf kennara við slíkum breytingum og horfa þá sérstaklega til þess hvað það sé sem hvetur þá í starfi og hvaða hindranir verði á vegi þeirra.

Segja má að íslenskir háskólar hafi tekið vel við sér þegar upplýsingatækni hélt innreið sína í skólastarf og skráðum fjarnemum á háskólastigi hefur fjölgað mikið á landinu síðastliðin 12 ár. Í kjölfarið hefur framboð á námslínunum innan háskólanna aukist og leiðir til kennslu og miðlunar orðið fjölbreyttari.

Ef litið er á tölur frá Hagstofu Íslands er varða fjarnám á Íslandi síðustu 12 árin kemur í ljós að skráðum nemendum í fjarnámi á háskólastigi hefur fjölgað úr 378 árið 1997 í 3.340 nemendur árið 2008 og á framhaldsskólastigi úr 232 árið 1997 í 4.782 nemendur árið 2008 (Hagstofa Íslands, e.d.). Þessi fjölgun fjarnemenda hér á landi er í takt við það sem gerist erlendis. Í Bandaríkjunum tóku árið 2002 1.6 milljónir nemenda a.m.k. eitt námskeið í fjarnámi og árið 2007 voru þeir orðnir 3.94 milljónir (Allen og Seman, 2008).

Hér er um mikla fjölgun nemenda í fjarnámi að ræða og því er nauðsynlegt að viðhalda rannsóknum á sviði fjarkennslu og notkun á upplýsingatækni til að skólasamfélagið geti glöggvað sig á stöðunni og haldið áfram að stuðla að þróun fjarnáms hérlendis.

Uppbygging, miðlun og kennsluaðferðir í fjarnámi hér á landi hafa verið mjög ólíkar eftir skólum og misjafnar leiðir farnar í miðlun náms í gegnum netið. Hver háskóli hefur haft sinn háttinn á skipulagi fjarnáms. Þá er skilgreining á fjarnámi ólík eftir skólum. Í sumum tilfellum er um blandað nám að ræða þar sem staðnemendur taka hluta af námi sínu í fjarnámi en koma inn í skólana í staðlotur sem eru haldnar reglulega yfir námskeiðstímann (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Erla Þrándardóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Ögmundur Knútsson, 2007). Með staðlotum er átt við að fjarnemendur koma saman ásamt kennara sínum nokkrum sinnum yfir önnina og fást við ýmislegt tengt námskeiðinu, vinna verkefni og hlýða á fyrirlestra. Yfirleitt er viðveran 1 - 3 dagar.

Þá er einnig um hreint fjarnám að ræða þar sem nemendur þurfa aldrei að koma í skólana en stunda allt sitt nám í gegnum netið (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir o.fl., 2007).

Sú aðferð sem rutt hefur sér til rúms undanfarin ár og notuð var meðal kennara í minni rannsókn er samkennsla námskeiða. Þá eru fjarnemendur skráðir í námskeið ásamt staðnemum og námskeiðið samkennt fyrir báða nemendahópa. Fyrirlestrar eru teknir upp og þeim og öðru efni er miðlað í gegnum heimasíður námskeiða í námsumsjónakerfum skóla. Þar fara einnig fram umræður meðal nemenda ýmist opnar báðum hópum eða lokaðar eftir því hvort nemendur eru skráðir fjar- eða staðnemar. Einnig er misjafnt hvort fyrirlestrar eru aðgengilegir báðum hópum eða eingöngu fjarnemum. Ástæða fyrir því að þetta fyrirkomulag hefur orðið vinsælt hin síðari ár m.a. á Menntavísindasviði Háskóla Íslands er að þetta er ódýrt í framkvæmd og sparar m.a. í launakostnaði kennara. Þá sparar það tíma fyrir kennara að kenna námsefnið einu sinni í stað þess að tvíkenna það fyrir stað- og fjarnema og fámenn námskeið verða fjölmennari fyrir vikið og því frekar kennd (Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2010). Misjafnt er hvort nemendur koma í staðlotur eða fara í vettvangsferðir ef eðli námskeiða kallar á slíkt eða hvort haldnir eru netfundir til þess að nemendur fái tækifæri til að hitta samnemendur sína, einnig úr dagskóla.

Háskólarnir eiga það þó allir sameiginlegt að reynt er að koma til móts við nemendur og leita lausna sem fela í sér sveigjanleika í námi og þeim er gert kleift að stunda nám sitt óháð stund og stað að mestu leyti.

Ég hef kosið að horfa til háskólastigsins í þessu verkefni ekki síst vegna þess að fjölgun nemenda í fjarnámi á háskólastigi kallar á fjölbreytta kennsluhætti og notkun á upplýsingatækni í grónu akademísku kennsluumhverfi sem hefur verið fastmótað til fjölda ára. Kennarar eru misvel undir það búnir að takast á við fjarkennslu og bent hefur verið á að háskólakennarar fái oft og tíðum enga leiðsögn í því að kenna í fjarnámi heldur þeir sjálfir að prófa sig áfram. Tækni og kennsla eru aðskilin í huga þeirra sem skipuleggja námið í stað þess að mynda heild í kennsluferlinu. Skilningur þarf að vera á því að þjálfunar og leiðsagnar er þörf ef vel á að takast til (Salmon, 2003). Einnig er athyglisvert að horfa til þess að fjarkennsla kallar ekki bara á góða þekkingu á upplýsingatækni til að ná fram markmiðum kennslu heldur krefst hún einnig áhuga og jákvæðni gagnvart því að nota tæknina í þessum tilgangi. Það er mikilvægt að vita hvernig kennarar í fjarnámi nota tæknina og hverjar væntingar þeirra til kennslunnar eru til að geta stutt þá í því sem þeir eru að gera og um leið þróa góða kennslu í fjarnámi (Ásrún Matthíasdóttir, 2009).

Ritgerðin skiptist í sjö meginkafla auk inngangs, hugleiðinga í lokin og heimildaskrár. Í öðrum kafla sem er um bakgrunn rannsóknarinnar fjalla ég í stuttu máli um sögu fjarnáms í háskólum landsins og skoða hvernig fyrirkomulag fjarnáms er í hverjum skóla fyrir sig. Þar er sérstakur undirkaflinn um þróun fjarnáms í Háskóla Íslands þar sem vettvangur rannsóknarinnar var innan þess skóla. Þá er fjallað um fyrri rannsóknir á sviðinu til að gefa mynd af því hvað hefur verið rannsakað hér á landi og sagt frá erlendum viðmiðunarráttæknum. Í lok kafla tvö er rannsóknarspurningin sett fram og tilgangur rannsóknar kynntur. Kafli þrjú fjallar um hverju þarf að huga að þegar ákvarðanir eru teknar við innleiðingu fjarnáms og mikilvægi þess að skapa gott námssamfélag fyrir fjarnema. Það er gert til að varpa skýrara ljósi á viðhorf kennara í minni rannsókn til breytinganna og á það umhverfi sem þeir þurfa að skapa nemendum svo vel gangi. Þá tel ég einnig ástæðu til að fjalla um það hvað einkenni gott fjarnámssamfélag sem stuðlar að betri og markvissari kennslu. Kafli fjögur er um rannsóknaraðferðina. Fimmti kafli er niðurstöðukaflinn sem byggir á viðtölum við þátttakendur, heimasíðum námskeiða sem fylgst var með og fundargerðum mannfræðiskorara á tímabilinu. Sjötti kafli er samantekt á niðurstöðum þar sem hver þáttur í niðurstöðukaflanum er reifaður út frá rannsóknarspurningum. Kafli sjö er

umræðukafli þar sem niðurstöður eru reifaðar í ljósi hindrana við kennslu, hvað það var sem hvatti kennara áfram og hver afstaða þeirra er til framtíðarinnar.

Það er von mín að rannsókn þessi og skrif verði innlegg í frekari umræðu um innleiðingu fjarnáms í háskólakennslu, hindranir, hvatir, upplifun og stöðu kennara þegar kemur að því að kenna í fjarnámi á háskólastigi. Þá vona ég að niðurstöður vekji fólk til umhugsunar um mikilvægi þess að hafa kennara með í ráðum þegar ráðist er í skipulagningu og innleiðingu fjarnáms í háskólum.

2 Bakgrunnur rannsókna

Til að átta sig á því landslagi sem að baki rannsóknarinnar liggur er ráðlegt að líta örstutt á sögu fjarnáms í háskólum landsins og skoða hvernig fyrirkomulag fjarnáms er í hverjum skóla fyrir sig. Þar með gefst einnig tækifæri á að glöggva sig á ólíkum leiðum sem farnar eru í fjarnámskennslu (samanber inngang). Það er gert í kafla 2.1. Sérstök umfjöllun um fjarnám í Háskóla Íslands er í kafla 2.2. Þar sem rannsóknin er upprunnin og var framkvæmd innan veggja þess skóla. Kafli 2.3 er yfirlit yfir rannsóknir á efninu hér á landi og erlendrar samanburðarrannsóknir. Að lokum er kafli 2.4. um rannsóknarspurningarnar og markmið rannsókna.

2.1 Fjarnám í íslenskum háskólum

Háskólar á Íslandi hófu flestir að bjóða upp á fjarnám á seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar. Kennaraháskóli Íslands var fyrstur háskóla á Íslandi til að bjóða heildstætt nám til lokaprófs í háskóla á fjarnámsformi þegar boðið var upp á grunnskólakennaranám til B.Ed. gráðu í fjarnámi árið 1993. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík hefja fjarnám 1998 og Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum og Hvanneyri fylgja þeim fast á eftir á árunum 1999 – 2005.

Hér á eftir verður litið á leiðir til að fjarkenna í nokkrum af háskólunum til að fá gleggri mynd af fyrirkomulagi fjarnáms.

Eins og fram kom hér að ofan hófst fjarnám til B.Ed. gráðu við Kennaraháskóla Íslands árið 1993. Það mótaðist samhliða þróun upplýsingatækni og fór fram í gegnum tölvunet Íslenska menntanetsins (Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir, M. Allyson Macdonald, 2001). Markmiðið var að draga úr kennaraskorti úti á landi. Fyrirkomulagið var frá upphafi blandað nám þar sem gert var ráð fyrir að nemendur mættu í skólann í svonefndar staðlotur í Reykjavík. Námskrá fjarnámsins var var í stórum dráttum sú sama og í staðnáminu. Sömu námskeiðin voru í boði og sömu námskröfur gerðar til nemenda. Til að byrja með var notast mikið við netpóst og nettengingar við bókasöfn og kennslan var í formi umræðna, innlagna og verkefnavinnu ásamt staðlotum eins og áður kemur fram (Sigurjón Mýrdal, 1996). Þróunin varð síðan sú að fjarnám og staðnám urðu tvær námsbrautir með sömu námskrá og inntaki (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir o.fl., 2007).

Kennslufyrirkomulagið árið 2007 var á þann veg að fjarnámið skiptist í staðlotur og fjarnámslotur. Hvert misseri hófst á staðlotum sem bæði fjar- og staðnemar mættu á. Slíkar lotur voru síðan haldnar á miðju misseri. Notað var kennslukerfið WebCT og Blackboard sem hýsa gagnvirkar heimasíður námskeiða og innihalda póstforrit, vefumræður, spjallrásir og aðra möguleika til að miðla námsefni og vinna gagnvirkt með nemendum (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir o.fl., 2007).

Í Háskólanum á Akureyri hefur mikið verið stuðst við gagnvirkan myndfundabúnað þar sem nemendur hafa fylgst með fyrirlestrum í gegnum fjarfundi á vissum tímum. Þróunin hefur orðið sú síðari ár að margar leiðir eru farnar til miðlunar og kennslu s.s. tölvupóstur, vefsíður, WebCT (sjá kafla 2.2 Fjarnám í Háskóla Íslands). Veffundakerfið WebDemo var tekið í notkun 2003 þar sem hægt er að funda á rauntíma með nemendum. Skólinn hefur unnið með Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum varðandi samkennslu á námskeiðum og nemendur eru þá staddir á einum stað og hafa samskipti við kennara í gegnum einhvern af þessum áður upptöldu miðlum (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir o.fl., 2007).

Háskólinn á Bifröst hefur skipt fjarnámi upp í lotur á hverri önn. Hvert námskeið er kennt í einni lotu, þrjár lotur á önn og koma fjarnemar inn í eina staðlotu í hverju námskeiði. Fjarnámskeið eru aðskilin staðnámskeiðum. Náms efni og fyrirlestrum sem teknir eru upp sér fyrir fjarnemendur er miðlað í gegnum kennslukerfið Námskjá þar sem nemendur geta sótt hljóðupptökur og fyrirlestrarglærur (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir o.fl., 2007). Í kennslukerfinu er einnig vettvangur fyrir umræður og gagnvirk próf.

Í Háskólanum í Reykjavík hefur upplýsingakerfið MySchool verið notað til miðlunar í fjarnámi. Það hýsir, auk heimasíðna námskeiða, nemenda- og fjármálabókhald og annað er viðkemur rekstri skólans. Á heimasíðu námskeiða í MySchool eru umræðuþræðir, hægt að hlaða inn og spila hljóðfyrirlestra og leggja fyrir gagnvirk próf. Um er að ræða samkennslu þar sem stað- og fjarnemar eru skráðir saman í námskeið og fyrirlestrar teknir upp í tímum og varpað á netið. Umræður fjarnema fara síðan fram á lokuðum umræðuþráðum.

2.2 Fjarnám í Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur boðið upp á fjarnám af einhverju tagi frá árinu 1997. Það ár var þróunarfé lagt fram til að efla fjarnám og áttu deildir og skorir í upphafi að bera ábyrgð á þróun fjarkennslu innan sinna

fræðasviða (Guðrún Geirsdóttir o.fl, 2007). Eftir að fjárframlagið þraut hefur ekki verið úthlutað sérstöku fjármagni til fjarkennslu þrátt fyrir stefnu Háskóla Íslands frá árinu 2006 um að skólinn skuli móta sér skýra stefnu í fjarkennslu fyrir árslok 2007 og að fjarkennsla verði mótuð í völdum greinum (Stefna HÍ 2006-2010, 2009). Framboð á fjarnámi innan Háskóla Íslands hefur því mótast af áhuga einstakra kennara og kennarahópa sem aðhyllast sveigjanlegar námsaðferðir og vilja nýta upplýsingatækni í kennslu (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007).

Hlutfall fjarnáms í Háskóla Íslands, fyrir sameiningu við Kennaraháskóla Íslands, skólaárið 2007 – 2008 var 4,6% (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007) sem verður að teljast harla lítið ef lítið er til stefnu Háskólans um eflingu fjarkennslu (Háskóli Íslands, e.d.). Deildir skipuleggja sjálfar sitt fjarnám en njóta ráðgjafar í kennslufræði- og tæknilegum málum hjá Kennslumiðstöð Háskólans. Símenntunarstöðvar út um allt land hafa lagt kennslunni lið með því að veita aðstöðu til náms og prófatöku (Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir o.fl., 2007).

Kennarar hafa frjálstar hendur við að skipuleggja og útfæra fjarkennsluna og geta notað þær aðferðir og leiðir til miðlunar sem henta viðkomandi námskeiði. Námskeiðin eru nær undantekningarlaust samkennd, þ.e. fjar- og staðnemar skráðir saman í þau, fyrirlestrar teknir upp (annað hvort eingöngu hljóð eða hvort tveggja hljóð og mynd) og varpað á netið til fjarnema í gegnum netið. Fjarnemar hafa síðan samskipti sín á milli og við kennara á umræðuvefum. Í sumum námsleiðum tíðast að hafa staðlotur þar sem fjarnemendur koma einu sinni til tvisvar á önn í skólann eða hafa samband við kennara sína í gegnum fjarfundarbúnað. Þetta fyrirkomulag var í öllum þeim deildum þar sem kennt var í fjarnáminu nema á Heilbrigðisvísindasviði þar sem lagt hefur verið uppúr fjarfundum í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Nemendur hafa aðgang að upptökum og öðru efni í gegnum heimasíður námskeiða á kennsluvef Uglunnar (sem hýsir, auk heimasíðna námskeiða, nemenda- og fjármálabókhald og annað er viðkemur rekstri skólans), Blakk (Blackboard) eða Moodle sem er opinn hugbúnaður. Þar hafa nemendur einnig aðgang að umræðuþráðum, glærum, verkefnum og öðru ítarefni sem við kemur kennslunni. Þá tíðkast staðlotur í flestum námskeiðum þar sem nemendur koma saman og hitta kennara sína í 2-3 daga í senn (Guðrún Geirsdóttir o.fl. 2007).

2.2.1 Upphaf fjarnáms við mannfræðiskor

Vorið 2008 var tekin ákvörðun um að bjóða upp á fjarnám við mannfræðiskor sem var heiti yfir þá námslínu sem nú heitir mannfræði og heyrir undir Félags – og mannvísindadeild. Nokkrir kennarar, ásamt skorarformanni, horfðu til fjarnámsfyrirkomulags hjá þjóðfræðiskor þegar ákvörðunin var tekin (námslínan heitir nú þjóðfræði og heyrir undir Félags- og mannvísindadeild líkt og mannfræðin). Þar hafði kennsla í fjarnámi til BA gráðu hafist haustið 2006 og var, líkt og lýst hefur verið hér að ofan í kafla 2.2 um fjarnám í Háskóla Íslands, samkennsla stað – og fjarnema. Hljóðfyrirlestrar voru teknir upp á staðnum og aðgengilegir á heimasíðu námskeiða á kennsluvef Uglunnar. Umræður milli fjarnema og kennara fóru fram á umræðuþráðum á kennsluvef og nemendur hittu kennara einu sinni til tvisvar á önn í staðlotum.

Ástæða ákvörðunar voru vangaveltur stjórnenda og kennara um að gera ætti námið aðgengilegra fyrir fleiri nemendum og fjarnámsformið væri ein leið til þess (Mannfræðiskor, 2008).

Fulltrúar mannfræðiskorar, verkefnastjóri og skorarformaður, höfðu í apríl 2008 samband við undirritaða sem þá starfaði sem verkefnisstjóri á Kennslumiðstöð Háskóla Íslands (sem hafði það m.a. á verkefnalista sínum að fylgja kennurum sem fjarkenndu eftir með kennslufræðilegri leiðsögn og stuðningi) og Gretti Sigurjónsson yfirmann tæknimála hjá Kennslumiðstöð til að kanna hvort grundvöllur væri fyrir slíkri kennslu líkt og í þjóðfræðiskor þar sem margt væri svipað hjá þessum tveimur námsbrautum. Við töldum svo vera í ljósi reynslu af fjarkennslu í þjóðfræðiskor og hvöttum þau til framkvæmdarinnar en áttum að öðru leyti engan þátt í að taka ákvarðanir varðandi málið. Starfsfólk Kennslumiðstöðvar bauð í kjölfarið fram alla þá aðstoð sem kennarar þyrftu við það að koma fjarkennslu af stað þá um haustið 2008. Svo fór að ákveðið var að hrinda þessu í framkvæmd haustið 2008. Hver og einn kennari fékk þetta verkefni upp í hendur og var í sjálfsvald sett öll útfærsla á kennslu og framsetningu efnis. Skiptar skoðanir voru uppi varðandi ákvörðun þessa og kennarar ekki á eitt sáttir um ákvarðanatöku og framkvæmd.

Þarna taldi ég komið gott tækifæri til að rannsaka hver upplifun kennara væri á því að hefja kennslu í fjarnámi og hvaða þættir það væru sem þar kæmu við sögu. Áhugi minn beindist fljótlega að því að horfa til þess hvernig kennarinn upplifði þessar breytingar á eigin skinni, greina hvað það var sem stóð í veginum, hvað hjálpaði þeim við að yfirvinna erfiðleika,

kanna hvernig þeim gekk að nýta sér upplýsingatæknina og skoða þátt stofnunarinnar í ferlinu varðandi ákvarðanatöku og stoðþjónustu.

2.3 Fyrri rannsóknir á sviðinu

Í ljósi rannsóknarspurninganna er vert að líta til þeirra rannsókna, erlendra og innlendra, sem gerðar hafa verið á upplifun fjarkennara þegar þeir takast á við það verkefni að kenna í fjarnámi af einhverju tagi. Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið á reynslu fjarkennara erlendis og hér á landi þar sem sjónum er beint að kennurum og upplifun þeirra í fjarkennslu, hindrunum og hvötum, nýtingu upplýsingatækni í fjarkennslu og kennslufræði- og tæknilegum stuðningi.

Þær erlendu rannsóknir sem hafa verið gerðar eru m.a. bresk rannsókn Roberts Newton (2003)¹, Peter Shea (2006)² og Norah Jones og Johns O'Shea (2004)³.

Samkvæmt niðurstöðum Newton (2003) og Shea (2006) felast hindranir kennara í fjarkennslu fyrst og fremst í því að tíma skortir til að þróa kennsluna, hvatningu í kennslu er ábótavant, tækni- og kennslufræðilegan stuðning skortir auk viðurkenningar háskólasamfélagsins á gildi kennslunnar og enn vantar upp á að tekið sé tillit til fjarkennslu í stefnumótun háskólanna. Þá benda Jones og O'Shea (2004) á þá ógn sem tæknin er kennurum. Þeir séu oftast en ekki hræddir við að nýta hana sem skyldi og telja að ópersónuleg nálgun við nemendur komi niður á námi.

Í niðurstöðum þessara rannsókna kemur fram að þeir sem kenna í fjarnámi eru allir af vilja gerðir til að gera slíkt þrátt fyrir hindranir sem þarf að yfirstíga. Það sem helst hjálpi kennurum í fjarkennslu er sveigjanleiki í þeim tíma sem fer til undirbúnings og kennslu (Newton, 2003; Shea, 2006; Jones og O'Shea 2004), sérstaklega hjá konum sem kunna að meta það að geta lagað vinnu sína að heimili (Shea, 2006). Það

¹ Rannsókn Newton (2003) er í fyrsta lagi byggð á greiningu á fyrri rannsóknum á sviðinu (s.k. literature review), í öðru lagi var byggt á spurningalistakönnun með svörum 134 kennara við spurningum er vörðuðu notkun á upplýsingatækni og í þriðja lagi var gögnum safnað með 16 hálfopnum viðtölum við akademíska starfsmenn auk tölvupóstsvara frá 11 manns sem notuðu upplýsingatækni markvisst í kennslu (Newton, 2003).

² Peter Shea (2006) gerði rannsókn sem byggðist á spurningakönnun sem hann gerði meðal 386 háskólakennara í 36 háskólum (colleges) í Bandaríkjunum og var ætlað að varpa ljósi á hvaða þættir væru hvetjandi og hverjir letjandi í fjarkennslu á háskólastigi (Shea, 2006).

³ Tilviksrannsókn Norah Jones og Johns O'Shea (2004) um stefnumótun háskóla varðandi aukið fjarnám og breyttar áherslur í kennsluháttum á háskólastigi (Jones og O'Shea 2004).

hjálpur líka þegar kennarar líta á fjarkennslu sem tækifæri til að takast á við nýja kennslufræðilega hluti og til að nálgast nemendur með ólíkan bakgrunn á mismunandi aldri og á ólíkum stöðum (Shea, 2006). Newton (2003) nefnir það sérstaklega sem hvetjandi fyrir kennara að jákvæð viðbrögð nemenda skipti kennara miklu máli.

Þá eru Newton (2003) og Jones og O'Shea (2004) sammála um mikilvægi þess að horfa til vinnu og reynslu fjarkennara við að móta stefnu háskóla í fjarkennslu því að vilji og hvatning til að kenna í þessu umhverfi mótast af hugmyndum og gildum háskólakennara til náms og kennslu. Afstaða kennara og viðhorf þeirra eru því mikilvægir þættir til að styðja við þróun á sviði fjarkennslu ef stofnanir ætla að leggja áherslu á slíkt (Newton, 2003). Einnig skiptir það máli að hlutverk kennara og starfsreglur breytast í slíku vinnuumhverfi og eru þeir þættir líklegir til að hafa áhrif á menningu stofnunarinnar. Þá er mikilvægt að þeir sem taka ákvarðanir um fjarnám geri sér grein fyrir því að fjarkennsla kostar meiri vinnu þvert á deildir og stofnanir innan háskólans (Jones og O'Shea, 2004).

Hér á landi gerðu Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald umfangsmikla úttekt árið 2001 á fjarkennslu við Kennaraháskóla Íslands. Markmið með úttektinni var m.a. að fylgjast með þróun fjarnáms við KHÍ, kanna viðhorf kennara og nemenda til fjarkennslu og stoðþjónustu og meta stöðu fjarkennslu með frekari þróun í huga. Í ljós kom að viðhorf meirihluta kennara til fjarkennslu var jákvætt, svipað og fram kom hjá Shea (2006) og fannst þeim að fjarnám gæfi tækifæri til að fara nýjar leiðir í námi og kennslu. Meirihluti kennara í rannsókn Ásrúnar Matthíasdóttur (1999)⁴ voru einnig jákvæðir í sínum viðhorfum og allir tilbúnir að fjarkenna aftur.

Rannsókn Jóns Jónassonar (2001)⁵ leiddi í ljós að kennarar töldu að notkun upplýsingatækni í kennslu í fjarnámi hvetti þá til að nota slíka tækni í staðnámi. Þá kemur einnig fram í niðurstöðum Jóns Jónassonar

⁴ Ásrún Matthíasdóttir gerir rannsókn 1999, byggða á spurningakönnun þar sem hún rannsakar viðhorf bæði kennara og nemenda til fjarkennslu í fóstunámi í KHÍ stuttu eftir að það fór frá Fósturskóla Íslands til Kennaraháskóla Íslands.

⁵ Jón Jónasson (2001) rannsakar fyrsta árganginn sem fór í gegnum fjarnám til B.Ed gráðu í KHÍ á árunum 1993 - 1996. Þetta var fyrsta fjarnámið á háskólastigi á Íslandi. Rannsóknin byggði á spurningalistum, viðtölum og vettvangskönnunum. Hann skoðaði sérstaklega undirbúning kennara fyrir fjarkennslu, leiðir til samskipta nemenda og kennara í slíkri kennslu, námsefnisgerð kennara og hvaða kosti og ókosti fjarkennsla hefði miðað við staðbundna kennslu (Jón Jónasson, 2001).

(2001), Önnu Ólafsdóttir (2003)⁶ og Hildur B. Svavarsdóttir (2004)⁷ að kennarar telja sveigjanlegan undirbúnings –og kennslutíma einn af kostum þess að kenna í fjarnámi. Það kemur heim og saman við það sem erlendu rannsakendurnir eru allir sammála um, það sem helst hjálpi kennurum í fjarkennslu sé sveigjanleiki í þeim tíma sem fer til undirbúnings og kennslu (Newton, 2003; Shea, 2006; Jones og O'Shea 2004). Þá nefna kennarar í rannsóknum Önnu Ólafsdóttir (2003) og Hildur B. Svavarsdóttir (2004) betri aðgang að kennslugögnum og jafnan aðgang nemenda að menntun en það síðara kemur einnig fram í niðurstöðum Shea (2006).

Það sem kennarar telja helst vera hindrun í fjarkennslu eru tæknilegir örðugleikar, erfiðleikar við að sinna nemendahópnum, val á námsefni og hefðbundin vinnubrögð (Anna Ólafsdóttir, 2003; Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald, 2001). Kennarar í rannsókn Hildur B. Svavarsdóttir (2004) og Jóns Jónassonar (1999) nefna til viðbótar ópersónuleg og lítil samskipti við nemendur.

Undirbúningstími fyrir kennslu kemur fram sem mikilvægur þáttur í bæði erlendum og innlendum rannsóknum. Kennarar hér á landi telja almennt líkt og þeir erlendu að mun meiri tími fari í allan undirbúning fyrir fjarkennslu en kennslu í staðnámi (Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald, 2001; Anna Ólafsdóttir, 2003; Hildur B. Svavarsdóttir, 2004), sem kemur heim og saman við niðurstöður Newton (2003) og Shea (2006) sem tala um mikilvægi þess að viðurkenna hve tímafrekt það sé að undirbúa fjarnám og að það hefti oft vilja kennara til kennslu.

Jón Jónasson (2001) kemst að því í sinni rannsókn að stuðningur stoðþjónustu sé mjög mikilvægur fyrir kennara sem kenna í fjarnámi og þá ekki síst tæknileg aðstoð þar sem kennaranum er komið af stað í kennslu og honum bent á þær leiðir sem færar eru til notkunar á tækninni

⁶ Anna Ólafsdóttir gerir árið 2003 matsrannsókn innan NámUST verkefnisins á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu í Háskólanum á Akureyri sem um leið var meistaraþrófsverkefni hennar. Notaðar voru spurningakannanir, einstaklingsviðtöl og viðtöl við rýnihópa (Anna Ólafsdóttir, 2003)

⁷ Skýrsla sem Hildur Svavarsdóttir gerir árið 2004 um viðhorf og notkun kennara og nemenda við Háskólann á Akureyri og kennara Háskóla Íslands á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu (Hildur B. Svavarsdóttir 2004). Skýrslan var liður í NámUst verkefninu, rannsóknarverkefni um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu á öllum skólastigum (NámUST, 2009).

og hvað henti best til þeirrar kennslu. Newton (2003) og Shea (2006) tala um skort á þessu tvennu, stoðþjónustu og tæknilegri aðstoð, sem eina af hindrunum kennara í fjarkennslu sem undirstrikar mikilvægi þessara þátta fyrir fjarkennarann. Þetta virðist ekki hafa verið hamlandi þáttur hjá kennurum í úttekt Auðar Kristinsdóttur, Ásrúnar Matthíasdóttur og M. Allyson Macdonald (2001) á fjarkennslu við Kennaraháskóla Íslands þar sem kennarar eru almennt ánægðir með þá stoðþjónustu sem þeir fengu bæði kennslufræði- og tæknilega en benda þó á þörf á stuðningi í verklegum greinum.

Ásrún Matthíasdóttir (1999) bendir á að kennarar í fóstunáminu hafi verið mjög óreyndir þegar þeir fóru af stað í fjarkennsluna en þrátt fyrir það verið gert að taka fullan þátt í að skipuleggja það og móta. Þetta telur Ásrún geta hafa valdið því að til að byrja með var mjög hæg þróun í notkun upplýsingatækni meðal kennara í fóstunámi, síðar leikskólakennaradeild innan KHÍ (Ásrún Matthíasdóttir, 1999). Þarna finnst mér vera samhljómur við niðurstöðu þeirra Newton (2003) og Jones og O'Shea (2004) um mikilvægi þess að tekið sé tillit til afstöðu kennara þegar móta skal stefnur í fjarnámi.

Ofangreindar rannsóknir sýna fram á að tímaskortur, skortur á umbun og ónóg þekking á tækni og ópersónuleg samskipti við nemendur geti virkað hamlandi á fjarkennara en á hinn bóginn séu kennarar jákvæðir gagnvart fjarkennslu sem slíkri og reiðubúnir að kenna í slíku umhverfi. Þá skiptir stoðþjónusta miklu máli fyrir kennara, bæði kennslufræði- og tæknilegur stuðningur.

2.4 Rannsóknarspurningar og markmið rannsókna

Markmið rannsókna minnar er að rannsaka og greina hvernig háskólakennarar takast á við kennslu þegar námskeið þeirra, sem kennd hafa verið í staðnámi til fjölda ára, eru kennd í blöndu af stað- og fjarnámi. Athygli verður beint að upplifun kennara; hvaða erfiðleika þeir þurftu að glíma við í kennslunni og hvað hjálpi þeim að yfirstíga þá erfiðleika; notkun á upplýsingatækni og þátttöku stofnunarinnar í verkefninu, þ.e. ákvarðanatakan um að bjóða námið í fjarnámi og hvernig stutt var við kennara bæði kennslufræðilega og tæknilega.

Eftirfarandi rannsóknarspurning og þrjár undirspurningar stýra rannsókninni:

- 1. Hver er upplifun háskólakennara á því að kenna í breyttu vinnuumhverfi þar sem þeir þurfa að fjarkenna og nota upplýsingatækni í þeim tilgangi?**
 - a) Hvaða erfiðleika glíma þeir við í kennslu og hvað auðveldar þeim að yfirstíga hindranir við þessar breyttu aðstæður?**
 - b) Hvernig nýta þeir upplýsingatækni í kennslu sinni?**
 - c) Hvaða áhrif hefur stoðþjónusta, tæknileg og kennslufræðileg, á kennslu og upplifun kennara?**

Svari við yfirspurningunni er ætlað að varpa ljósi á það hvernig kennurum á háskólastigi gengur að kenna í fjarnámi þegar þeir á stuttum tíma þurfa að takast á við nýtt kennsluform við nýjar aðstæður. Undirspurningar 1.1. og 1.2: eru settar fram til að varpa frekara ljósi á hvaða hindranir eru í veginum og hvað hvetji kennara áfram. Svör við spurningu 1.2. lýsa því hvernig kennarar nýta sér upplýsingatækni til að kenna efni námskeiða í fjarnámi. Þá eiga svörin að varpa ljósi á það hvernig samskiptum kennara og nemenda er háttað. Svör við spurningu 1.3. verða notuð til að skoða áhrif stofnanalegra þátta þegar kemur að þátttöku kennara við að taka ákvarðanir og tækni- og kennslufræðilegan stuðning.

Niðurstöður rannsóknarinnar eiga að varpa ljósi á þá þætti sem hafa áhrif á undirbúning og framkvæmd kennslu í fjarnámi á háskólastigi út frá sjónarhóli kennarans.

3 Fjarnám á háskólastigi, ákvarðanir og námssamfélag

Stór hluti af vinnunni í rannsókn minni fer í að greina viðhorf kennara til þess að takast á við nýtt kennsluform og laga það að því kennsluumhverfi sem þeir hafa kennt í til fjölda ára í háskólasamfélaginu líkt og kennarar í minni rannsókn gerðu. Ég tel ástæðu til að líta til þess í kafla 3.1. hvaða þættir komi við sögu þegar breytingar eins og innleiðing fjarnáms eiga sér stað innan háskóla. Það er gert til að varpa skýrara ljósi á viðhorf kennara í minni rannsókn til breytinganna og á það umhverfi sem þeir þurfa að skapa nemendum svo vel gangi. Þá tel ég einnig ástæðu til að fjalla um það hvað einkenni gott fjarnámssamfélag þannig að kennslan skili sér sem best til nemenda, það kemur fram í kafla 3.2.

3.1 Ákvarðanir um fjarnám

Notkun upplýsingatækni er lausn fyrir háskólasamfélagið á því að miðla þekkingu sem víðast án þess að vera bundið stað og stund. Litið hefur verið á hana sem öflugt tæki til að takast á við breytta samfélagsmynd og færa menntunina til sem flestra (Newton, 2003).

Það er flókið mál að nýta upplýsingatækni til að kenna og nema í fjarnámi og margir þættir sem þar fléttast saman og stýra því hver útkoman verður. Einn af stærstu þáttunum er samkvæmt Newton (2003) mikilvægi þess að huga vel að öllum undirbúningi varðandi kennsluhætti og notkun upplýsingatækni strax í upphafi þegar til stendur að breyta kennslu og innleiða fjarnám. Sérstaklega í ljósi þess að verið er að hrófla við gamalgrónum vinnu hefðum og oft erfitt fyrir kennara að samsama sig slíkum breytingum (Newton, 2003).

Þá eru háskólar mismunandi vel undir það búnir að takast á við þær breytingar sem fylgja því að hefja notkun upplýsingatækni og fjarnám í völdum greinum vegna þeirrar menningar sem ríkir innan þeirra. Menning háskóla getur flokkast undir það sem Evans (2001) kallar “Strong Culture” eða sterka hefð. Þessi menning samanstendur af vissum hugmyndum, gildum, venjum og fyrirfram ákveðnum leiðum til að vinna hlutina meðal kennara innan stofnunarinnar í langan tíma (Hargreaves, 2000). Þrátt fyrir að fólk vilji breytingar og sjái tilgang með því að koma á nýju fyrirkomulagi, líkt og fjarnámi, er erfitt að fá fólk til að breyta sinni rótgrónu sýn þar sem það telur hana þá einu réttu (Evans, 2002). Því þarf að hafa alla með í ráðum í því að innleiða fjarnám, bæði stjórnendur og kennara líkt og gildir um annað

breytingaferli í stofnunum. Nýta þarf þekkingu og færni allra innan stofnunarinnar til verksins og allir þurfa að fá það á tilfinninguna að þeir hafi átt þátt í að búa verkefnið til og fylgja því eftir (Fullan, 1993). Byggja verður upp sameiginlega sýn kennara og vinna saman að markmiðum þess að innleiða fjarnám til að það festist í sessi og verði partur af menningu stofnunarinnar (Hargreaves, 2000; Martin, 1999). Það verður að hlusta á hugmyndir kennara sem vinna að breytingum eins og eiga sér stað við innleiðingu fjarnáms, taka mark á þeim og vinna með þær. Kennarar hafa þá persónulegu hvatningu sem heldur ferlinu gangandi, s.s. umhyggju fyrir nemendum og vilja til að kennsla skili sem mestu bæði fyrir nemendur og stofnunina sjálfa (Martin, 1999).

3.2 Námssamfélag

Þegar farið er að kenna í fjarnámi er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað það sé sem skapar námssamfélag á neti, hvaða þættir þurfi að vera til staðar svo að vel takist til við kennslu og afraksturinn verði sem bestur. Þá er að mínu viti auðveldara að gera sér grein fyrir hvað hjálpar til og ýtir undir gott fjarnám og einnig hvar hindranir liggja. Ég mun því gera grein fyrir skoðunum nokkurra fræðimanna á því hvað það sé sem býr til gott námssamfélag fjarkennslu og notkun á upplýsingatækni.

Börje Holmberg (2007) lýsir því á þann veg að fjarnám byggist á því að nám sé einstaklingsathöfn. Námið sé stutt með leiðbeiningum úr fjarlægð sem sé ætlað að hvetja nemendur áfram með samræðum í gegnum vefinn. Uppbygging námskeiða og aðferðir geti verið miðað út frá stórum nemendahópum en einnig hannað með fáa nemendur í huga. Framsetning, miðlun á efni og gagnvirk samskipti séu meginþættir og ábyrgð og stuðningur komi frá þeim sem halda utan um námið (Holmberg, 2007). Hann telur að slíkt nám krefjist mikils sjálfstæðis og sjálfsaga af hálfu nemenda. Aðalatriðin séu persónuleg tengsl og samskipti, námsánægja og samkennd nemenda og þeirra sem leiða námið, kennara og stoðþjónustuaðila. Árangur samspils þessara þriggja þátta náist fram með góðri gagnvirkni í samræðum í gegnum vefinn og nýtingu hans til að koma verkum nemenda og spurningum á framfæri. Holmberg telur að til að skapa slíkt náms- og kennsluumhverfi þurfi kennari og þeir sem hanna námskeið í fjarnámi að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. **Persónuleg samskipti alls hópsins (nemenda og kennara) skapar hvetjandi námsumhverfi.**

2. Slík samskipti er hægt að skapa og hlúa að með ígrunduðu kennsluefni sem reynir á sjálfsnám nemenda og gagnvirkni milli þeirra og kennara í gegnum vefinn.
3. Námsánægja og hvatning felst í því að beita réttum kennsluaðferðum og ná námsmarkmiðum (hæfniviðmiðum).
4. Andrúmsloftið, tungumálið og gagnkvæm virðing gera það að verkum að nemendur gera námsumhverfið að sínu.
5. Skýr og auðskiljanleg skilaboð milli fólks er forsenda þess að vel gangi.
6. Umræðuformin, efnistöð og miðlun verða að laga sig að því rafræna námsumhverfi sem í boði er (Holmberg, bls 69-75).


Þessi persónulega nálgun kennara og nemenda leiðir til þess að þátttakendur telja sig tilheyra námssamfélaginu og hafa kjark og hvatningu til að taka þátt í því með góðum árangri. Holmberg kallar það „empathy approach to distance education“ (Holmberg, 2007).

Slíkur skilningur á því að skapa gott námsumhverfi eða námssamfélag á vefnum er fræðimönnunum D. Randy Garrison og Terry Anderson (2005) og Walter Archer (2007) einnig hugleikinn. Anderson og Garrison (2006) ganga út frá því að bak við allt nám sé gott náms- og fræðasamfélag (e. community of inquiry). Gott fjarnámssamfélag myndist ef námsumhverfið stuðli að því að nemendur deili með öðrum og hjálpist að undir styrkri leiðsögn kennara. Þá verði til þekking sem byggir á samspili persónulegrar ígrundunar og samvinnu við aðra (Anderson og Garrison, 2006).

Þeir telja einnig að þekking einstaklings sé mjög mótuð af félagslegu umhverfi hans. Fjölbreytt námsumhverfi með valmöguleikum og fjölbreyttum viðfangsefnum hvetur til gagnrýnnar og skapandi hugsunar. Slíkt umhverfi verði að vera til staðar í fjarnámsumhverfi rétt eins og öðru námsumhverfi þar sem nemendur taka ábyrgð á eigin námi með því að ræða merkingu þess og meiningu, greina það sem rangt er og gagnrýna viðteknar skoðanir. Í raun sé ekkert sem kemur í veg fyrir að skapa slíkt umhverfi á netinu þar sem það býður upp á mikla möguleika á samskiptum og nær óheftan aðgang að gögnum (Anderson og Garrison, 2006).

Archer og Garrison (2007) bæta því við að fjarnám byggist að mestu leyti á rituðum texta og samræðum sem fari fram óháð tíma og rúmi en ekki í umhverfi skólastofunnar í staðnámi þar sem boðskipti byggja á tungumálinu og munnlegri tjáningu. Fjarnámsumhverfið geti orsakað hindranir í námi sumra nemenda en þó séu margir kostir sem vert er að horfa til. Að nota ritað mál í þeim mæli sem til þarf hvetji þannig til aga auk þess sem gagnvirk samskipti á netinu, óháð tíma og rúmi, leiði til ígrundunar þegar verið er að fást við erfið viðfangsefni og reyni á og þróa gagnrýna hugsun nemenda (Archer og Garrison, 2007).

Garrison og Anderson (2006) hafa dregið þetta saman í módel þar sem þrjár þættir byggja upp námssamfélag í fjarnámi. Þeir eru vitræn nálgun (e. cognitive presence), félagsleg nálgun (e. social presence) og kennslufræðileg nálgun (e. teaching presence). Til að lýsa þessu samspili hafa þeir sett upp þessa mynd:




Mynd 1. Námssamfélag (byggt á Garrison og Anderson, 2006, bls. 28)

Þegar kennari fer að kenna í fjarnámi er því ekki nóg að horfa bara til kennslufræði og leiða til að koma efninu til skila, það þarf einnig að hlúa að nemendum vitsmuna- og félagslega líkt og í staðnámi.

Gilly Salmon hefur skrifað mikið um námssamfélög í fjarnámi og þátt kennara í að skapa og viðhalda slíku samfélagi. Hún hefur miðað sín skrif við þá skilgreiningu að reynsla nemandans sé leiðin að uppbyggilegri þekkingu og fjarnám sé líkt og hjá Garrison og Anderson (2006) flókið ferli vitrænna,

tilfinningalegra, vitsmunalega og félagslegra þátta (Salmon, 2003). Hún leggur mikið upp úr félagslegu umhverfi á vef til að skapa gott námssamfélag og talar um kennara sem verkefnisstjóra (e. e-moderator). Hún lítur á kennarann sem mikilvægan hlekk í því að halda utan um fjarnámsskennslu og á hans herðum hvíli það verk að skapa gott námsumhverfi. Verkefni hans sé að vera tilbúinn til þess að taka upp nýja og breytta kennsluhætti en fyrst og fremst að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stýra samvinnu nemenda og umræðum til að hvetja til náms og skapa lifandi námsumhverfi. Hún hefur líkt og Garrison og Anderson (2006) sett upp módel sem lýsir því hvað þarf til að byggja upp námssamfélag á neti. Módel þetta útskýrir hvað nemandi fer í gegnum við nám á neti og hvað það er sem kennarar og leiðbeinendur verða að hafa í huga þegar námskeið á vef eru búin til og mótuð.

A model for online in education and training 29



Mynd 2. Fimm þrepa módel (byggt á Salmon, 2003, bls 11).

Samskipti og þátttaka er misjöfn eftir því hvar í fimm þrepa módelinu við erum stödd. Á fyrsta stigi eru samskiptin aðeins við einn eða tvo og áhersla er lögð á að komast inn á vefinn og gera námsumhverfið að sínu. Þetta eykst eftir því sem ofar dregur og þegar fimmta stigi er náð eru nemendur farnir að nýta samskiptin til þess að efla þekkingu sína.

Ef kennarar styðjast við og vinna eftir svona módeli við að byggja upp námskeið, koma þeir í veg fyrir ýmsan vanda sem getur skotið upp kollinum þegar haldið er utan um námskeið á vef. Þátttaka nemenda verður meiri, þeir eru í betri tengslum við nám sitt, leggja áherslu bæði á verkefni og framgang og eru betur í stakk búnir til að takast á við og finna lausnir á erfiðum vandamálum (Salmon, 2003).

Allar þessar kenningar fjalla um mikilvægi þess að kennarar undirbúi jarðveginn á réttan hátt þegar þeir byrja að kenna í fjarnámi, hvað þarf til að gott námsamfélag skapist á netinu í fjarnámi og hvaða þættir hafa áhrif á þróun til þess að það skili góðum árangri. Við greiningu og túlkun í mínum niðurstöðum mun ég skoða hvort kennarar í minni rannsókn hafi á einhvern hátt leitt hugann að mikilvægi slíks umhverfis og hvort það hafi með hvatningu eða hindranir að gera í þeirra starfi.

4 Rannsóknaraðferð

Í þessum kafla er fjallað um aðferðina sem beitt var við rannsóknina. Greint verður frá þátttakendum, viðtölum, öflun gagna og úrvinnslu þeirra og fjallað um siðferðileg álitamál.

4.1 Eigindleg aðferðafræði

Eðli efnisins réði því að eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu. Slík aðferðafræði býður upp á að rannsakandinn geti sett sig inn í hugarheim og aðstæður þátttakenda viðfangsefnisins (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Í minni rannsókn fæst ég við félagslegan veruleika þar sem ég þarf að komast að því hvernig kennarar bregðast við vissum breytingum og upplifun þeirra á þeim. Ég taldi mig ná markmiðum rannsóknarspurninganna með því að notast við viðtöl þar sem ég var að leita eftir persónulegri upplifun fárra kennara innan mannfræðiskorar og gæti með viðtölum fengið fram skýrari mynd af viðhorfum þeirra til kennslu, tækni og reynslunnar eftir á. Um einstaklingsbundið mynstur eða upplifun er að ræða og því þarf að skoða viðfangsefnið í sínu eiginlega umhverfi sem er kennslan og umhverfi hennar á vefnum og á staðnum.

Ég gerði mér grein fyrir því þegar af stað var farið að ýmislegt myndi koma upp sem varpaði öðru ljósi á rannsóknina en ég hafði í upphafi ætlað. Það þarf önnur gögn en viðtöl ein og sér til að svara spurningum mínum og skýra nákvæmlega þá þætti sem eru til skoðunar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003) s.s. hvernig staðið var að ákvörðuninni um að bjóða upp á fjarnám í mannfræðiskor, fá upplýsingar um hversu margir fjarnemendur voru í hverju námskeiði og hvernig samskiptum kennara og nemenda er háttað. Því er til viðbótar við viðtölin stuðst við fundargerðir skorarinnar og heimasíður námskeiða á netinu (Uglunni).

4.2 Tilviksrannsókn (e. Case Study)

Rannsókn mín flokkast undir tilviksrannsókn. Slíkt snið er heppilegt í menntunarrannsóknnum þegar leitað er svara við spurningum um hvernig og af hverju hlutir virki á ákveðinn hátt í félagslegu samhengi innan hóps eða aðstæðna sem rannsakað er innan tímaramma (Hitchcock og Hughes, 1995). Ég taldi að þetta rannsóknarsnið hentaði vel þar sem tilvikið mitt var afmarkað í tíma og rúmi, þ.e. upplifun kennara á því að kenna eina önn með

fjarnámsnemendur í fyrsta sinn meðal nemenda sinna. Samkvæmt Hitchcock og Hughes (1995) einkennir það viðföngin að þau tilheyra einni fagstétt sem eru að vinna að sama marki. Í mínu tilfalli er um að ræða háskólakennara sem vinna að því að breyta kennsluháttum sínum á þann hátt að námskeiðin sem þau kenna henti bæði í stað- og fjarnámi.

4.3 Þátttakendur

Notað er markmiðsúrtak (e. purposeful sampling) sem samanstendur af einstaklingum sem geta gefið góðar upplýsingar um rannsóknarefnið (Bogdan og Biklen, 2007). Þátttakendur í rannsókninni voru fjórir; þrír kennarar við mannfræðiskor (tveir prófessorar og einn lektor) og verkefnisstjóri mannfræðiskorar. Valið á þessum þremur fór þannig fram að ég sendi póst til allra fastráðinna kennara í mannfræði um vorið 2007, sem þá voru sex talsins. Þar lýsti ég áformum mínum um að fylgjast með framvindu kennslunnar og sjá hvernig til tækist. Þá útskýrði ég tilgang rannsóknarinnar og óskaði eftir viðmælendum. Þrír áðurnefndir kennarar svöruðu og voru fúsir til að taka þátt. Þeir voru allir að kenna í fyrsta sinn með fjarnemendum meðal staðnema þá önn sem rannsóknin fór fram á. Þeir hafa allir langa og farsæla kennslureynslu og eru búnir að kenna í mörg ár við HÍ. Einnig fór ég þess á leit við verkefnisstjóra námsbrautarinnar að hún tæki þátt þar sem hún kom að ákvörðun um að setja námið í fjarnám og fylgdi því eftir. Hún tók góðfúslega í það.

Þar sem viðmælendur mínir voru starfandi í einni skor innan Háskólans tel ég ekki rétt að fara nánar út í menntun þeirra og fyrri störf til að þau þekktist síður.

Ég gef þeim dulnefni svo ekki verði hægt að þekkja þau af sínum eigin nöfnum. Nöfnin sem ég valdi voru Gunnar, Dagbjört, Kristín og Guðrún.

Gunnar kenndi tvö námskeið önnina sem rannsóknin fór fram, eitt á BA stigi og eitt á MA stigi. Í BA námskeiðinu voru 24 staðnemar og 8 fjarnemar og í MA námskeiðinu voru 19 staðnemar og 8 fjarnemendur.

Dagbjört kenndi eitt námskeið á BA stigi og eitt á MA stigi. Í BA námskeiðinu voru 42 staðnemar og 15 fjarnemar og í MA námskeiðinu voru 14 staðnemar og 3 fjarnemar.

Kristín kenndi á meðan á rannsókn stóð eitt námskeið á BA stigi með 42 staðnemum og 15 fjarnemum og eitt með blöndu af BA og MA nemendum. Þar voru 20 staðnemar og 10 fjarnemar.

Guðrún var starfandi verkefnastjóri við mannfræðiskor á þeim tíma sem rannsóknin fór fram.

4.4 Gagnaöflun

Gögnin í þessari rannsókn eru, eins og fram kemur hér að framan, viðtöl við þrjú kennara og verkefnisstjóra í mannfræði við Háskóla Íslands, heimasíður námskeiða þessara sömu kennara með öllum skjölum, umræðuþráðum, tilkynningum, prófum o.fl., viðtöl við verkefnisstjóra og fundargerðir mannfræðiskorar frá töku ákvörðunar um að setja námið í fjarnám í maí 2007 og til loka annar í janúar 2009.

Tekin voru átta hálfopin viðtöl við hvern og einn kennara, þrjú viðtöl við tvo þeirra í byrjun, um miðbik og í lok annar og tvö viðtöl við einn. Þetta var gert til þess að fá sem besta mynd af ferlinu sem kennararnir gengu í gegnum yfir önnina og fá heildarsýn á það hvernig þeir tókust á við það verkefni að samkenna námskeið fyrir stað- og fjarnema með stuttum fyrirvara. Horft var til undirbúnings, framkvæmdar kennslu og hvernig til tókst.

Tvö viðtöl voru tekin við verkefnisstjóra í upphafi og í lok annar til að gefa mynd af því hvernig að undirbúningi var staðið af hálfu skorarinnar og síðar til að sjá hvernig til tókst frá sjónarhorni þeirra sem veita stoðþjónustu við námsbrautina.

Þá voru einnig til upplýsingar fundargerðir mannfræðiskorar frá þessu tímabili. Þær las ég til að sjá hvernig ákvarðanir voru teknar og hvaða aðstoð stoðþjónusta skorarinnar veitti kennurum. Einnig las ég þær með það í huga að sannreyna margt sem kennarar sögðu um ákvarðanatöku o.fl.

Til að skoða hvernig kennarar nýttu sér upplýsingatæknina og hvernig samskiptum við nemendur var háttað notaði ég gögn af heimasíðu námskeiðanna á kennsluvef Uglunnar (sjá kafla um fjarnám við Háskóla Íslands). Þar skoðaði ég umræðuþræði, verkefni, fyrirlestra og fleira sem að kennslunni snéri til að fá hugmynd um fjölda nemenda, fyrirkomulag umræðna, efni sem kennarar settu á netið o.fl.

4.5 Viðtölin

Þegar um hálfopin viðtöl er að ræða eins og í þessari rannsókn er gefið færi á því að fara út fyrir spurningarammann sem gerður er fyrir viðtölin og

hægt að ræða frekar einhverja þætti eða koma með frekari athugasemdir sem leiða svarið lengra hjá viðmælenda (Hitchcock og Hughes, 1995). Ég bjó til spurningaramma þar sem lögð var áhersla á að fá fram svör við því hvernig ákvörðunin um að setja námið í fjarnám var tekin og hvernig kennurunum líkaði hún, hvort um breytt skipulag kennslu, kennsluhætti og námsmats væri að ræða, hvernig samskiptum við nemendur væri háttað, hvernig staðið væri að umræðum á netinu, hvernig kennarar nýttu upplýsingatæknina og hvernig þetta legðist yfirhöfuð í þá.

Viðtölin fóru öll fram á skrifstofum viðmælenda á vinnutíma á tímabilinu 11. – 24. september, 4. – 11. nóvember 2008 og 20. – 21. janúar 2009.

Ég skrifaði niður athugasemdir og minnispunkta um leið og viðtal var tekið upp á diktafón. Skrifaði strax að því loknu greinargerð um viðtalið og þá upplifun sem ég hafði á staðnum, því að meðan á viðtali stendur getur ýmislegt annað komið fram en bein svör viðmælandans sem nýtist seinna við lyklun og greiningu viðtala (Silverman, 2003).

4.6 Greining gagna


Um var að ræða greiningu og túlkun á viðtölum við þátttakendur. Einnig lágu til grundvallar heimasíður námskeiða til að ég gæti glöggvað mig á fjölda nemenda í námskeiðum og fengið hugmynd um umfang þeirra og stærð, notkun á upplýsingatækni og umræðuþræðir skoðaðir til að greina hvernig samskiptum nemenda og kennara væri háttað. Þá var rýnt í fundargerðir skorarinnar frá þessum tíma til að sjá hvernig ákvörðunin um að bjóða upp á fjarnám var bókuð og borið saman við orð viðmælenda um efnið.

Ég byrjaði á því að afrita viðtölin sem tekin voru á haustönn 2008. Að því loknu byrjaði ég að greina viðtölin með opinni kóðun (Brinkmann, S. og Kvale, S., 2009) þar sem ég leitaði að þemum og flokkum út frá rannsóknarspurningum. Að því loknu tók ég þemun saman og reyndi að fá ákveðið munstur í greininguna í ljósi rannsóknarspurninganna.

Til að greina og fá mynd af notkun kennara á upplýsingatækni notaði ég greiningarmódel Betty Collis, 4-E (2005). Eftir rannsóknir hennar og samstarfsmanna hennar var farið að nota módelið 4-E til greiningar á því hvernig og hvort kennarar nýti sér upplýsingatækni í kennslu (Collis og Moonen, 2005). Þau telja að notkun á upplýsingatækni í kennslu. s.s. nýting á kennslukerfum, sé háð fjórum þáttum: umhverfi (e.

environment), árangri (e. effectiveness), hve aðgengilegt tækið er (e. ease of use) og trú kennara á notkun tækninnar (e. engagement). Umhverfispátturinn er samansettur af þremur áhrifavöldum: stofnanalegum áhrifum (e. organisational influences), félagslegum áhrifum (e. social-cultural influences) og tæknilegum áhrifum (e. technological influences). Saman mynda þessir fjórir þættir hugtakamódel þar sem hægt er að sjá fyrir hvort og hvernig kennarar nýti sér upplýsingatækni í kennslu. Þá er vinna kennara sett í samhengi við þessa fjóra þætti og út frá því metið hvað hindri notkun tækninnar og hvað hvetji til hennar (Collis, Pals og Peters, 2001)

4 – E Módelið



Mynd 3. 4-E módelið (byggt á Collis og Moonen, 2005, bls 62).

Collis, Pals og Peters (2001) telja að módelið sé gott tæki í rannsóknum þegar verið er að skoða hvernig einstaklingar eða hópar bregðast við tækniþróun í því vinnuumhverfi sem þeir starfa. Þá er hægt að bera saman einstaklinga eða hópa og fylgjast með breytingum á notkun yfir vissan tíma. Slík nálgun á heima í minni rannsókn þar sem ég fylgist með notkun kennara á tækni frá upphafi annar til loka hennar og út frá módelinu reyndi ég að greina hvaða þættir það væru af þeim fjórum

áhrifaþáttum sem Collis (2005) telur upp í sínu líkani sem hindruðu eða hvettu viðmælendur mína í notkun á upplýsingatækni.

4.7 Siðferðileg atriði

Ég leitaði eftir upplýstu samþykki þátttakenda og greindi þeim frá markmiðum rannsóknar, ástæðum og framkvæmd (Cohen, Manion og Morrison, 2000). Ég gerði þeim grein fyrir því að fjárlst væri að hætta við þátttöku teldu þau á einhvern hátt það ekki henta að leyfa viðtöl eða aðgang að gögnum inn á heimasíðu námskeiða.

Einnig sendi ég bréf til hvers og eins nemenda í þeim námskeiðum sem ég fylgdist með þar sem ég greindi þeim frá rannsókninni og sagði frá því að ég myndi fylgjast með samskiptum og því efni sem námskeiðsvefirnir hýstu. Ég fór ekki fram á skriflegt samþykki þeirra en bað þá um að koma með athugasemdir hefðu þeir slíkar. Skemmst er frá því að segja að ég fékk enga athugasemd frá þeim til baka.

Þátttakendum var tryggð nafnleynd og ég fór af fremsta megni eftir aðferðafræðilegum reglum varðandi afritun og túlkun viðtalanna.

Ég hafði starfað á Kennslumiðstöð Háskóla Íslands þegar ákvörðunin um að bjóða upp á mannfræðinám í fjarnámi var tekin. Ég hvatti til þess að þetta yrði gert og hélt fund með kennurum. Því var mér málið nokkuð skylt og ég vissi að ég yrði að vera sérstaklega meðvituð um að gæta hlutleysis í viðtölum og gagnaöflun.

5 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr viðtölunum sem ég tók við kennarana þrjá og verkefnisstjóra mannfræðiskorar á tímabilinu 11. – 24. september, 4. – 11. nóvember 2008 og 20. – 21. janúar 2009. Eins og kemur fram í kafla 4.4. tók ég átta hálfopin viðtöl; við tvo kennara þrisvar yfir önnina, í byrjun, um miðbik og í lok hennar, og einn kennara og verkefnisstjóra í byrjun annar og lok, til að fá sem besta mynd af kennslu þeirra með það að markmiði að svara rannsóknarspurningunni hvernig þeir upplifðu að kenna í breyttu vinnuumhverfi þar sem þeir þurfa að fjarkenna og nota upplýsingatækni í þeim tilgangi.

Ég skipti niðurstöðukaflanum upp í fjóra kafla til að svara spurningum rannsóknarinnar varðandi þá erfiðleika sem kennarar glímdu við í kennslu sinni, hvað það var sem hjálpaði þeim að yfirstíga þá, hvernig þeir nýttu upplýsingatæknina og hvaða áhrif stoðþjónusta (tækni- og kennslufræðileg) hafði á kennslu þeirra og upplifun. Til að varpa ljósi á stofnanalegu þættina sem áður eru nefndir varðandi áhrif stoðþjónustu tæknilega- og kennslufræðilega eru tvö viðtöl við verkefnisstjóra skorarinnar sem tók mikinn þátt í ákvarðanaferlinu og fylgdi verkefninu eftir.

Til viðbótar við viðtölin sem áður eru nefnd skoðaði ég heimasíður námskeiða til að fá betri mynd af því hvernig kennarar nýttu sér upplýsingatæknina, hvernig samskiptum við nemendur var háttað og fjölda fjarnema. Einnig las ég fundargerðir frá skorarfundum mannfræðinnar frá þessum tíma til að sjá hvernig ákvörðunin um að bjóða upp á fjarnám er bókuð og bera það saman við orð viðmælenda um efnið.

Kafla 5.1 er um ákvörðunina um að bjóða fjarnemum að skrá sig í námskeið mannfræðinnar. Hann skiptist annars vegar í aðkomu stofnunarinnar, þar sem þemun eru ákvörðunin sjálf, undirbúningur, stuðningur við kennara og framkvæmd og hins vegar kafla um ákvarðanatökuna út frá sjónarhóli kennara þar sem þemun eru viðhorf til ákvörðunarinnar, eftirfylgni og stuðningur við kennara. Ég tel mikilvægt að greina viðhorf kennara til ákvarðanatökunnar sérstaklega til að fá fram skoðanir þeirra á því verkefni sem bíður þeirra. Með þessari kaflaskiptingu og þemum er ætlunin að fá svör við því hvernig stofnunin studdi tækni- og kennslufræðilega við kennara. Í kafla 5.2. er sjónum beint að

kennslunni sjálfri til að fá fram svör við undirspurningunum um hvernig kennarar nýti sér upplýsingatækni í kennslu, hvaða erfiðleika þeir glími við í kennslu sinni og hvað auðveldi þeim að yfirstíga hindranir við þessar breyttu aðstæður. Sá kafli skiptist í þrjá hluta. Fyrsti kafli 5.2.1. heitir Upphaf kennslu þar sem þemur eru undirbúningur og framkvæmd kennslu. 5.2.2. er um framvindu kennslu þar sem þemur eru kennsluaðferðir, notkun upplýsingatækni og samskipti við nemendur og 5.2.3. er um framtíðarsýn á námið þar sem fjallað er um skoðanir kennara og verkefnastjóra á því sem koma skal. Þemur eru árangur, það sem betur má fara og lærdómur.

Það má segja að í köflum 5.2.1. og 5.2.2. um upphaf og framvindu kennslu séu þemur áþekkt. Ég tel mikilvægt að skoða þessi atriði um leið og önnin líður til að sjá þróunina í kennslunni hjá kennurum. Þetta eru lykilkafli í að svara yfirspurningunni um það hver upplifun kennara er að kenna í fjarnámi. Þá gefst líka tækifæri til að sjá hvort atriði eins og notkun upplýsingatækni, samskipti við nemendur og upplifun þeirra breytist yfir önnina. Þá er að mínu viti auðveldara að meta hvort þau hafi yfirstigið erfiðleika sem þau upplifa í byrjun annar og hvort afstaða þeirra til notkunar upplýsingatækni og nýtingar á möguleikum hennar breytist eftir því sem á líður.

Ég reyni allan tímann að leita eftir upplifun kennara á því sem er að gerast og er það alltaf til staðar við greininguna.

Ég notast í greiningunni við orðið mannfræðiskor yfir það sem í dag heitir mannfræði og er námslína innan Félags –og mannvísindadeildar Háskóla Íslands. Á þeim tíma sem rannsóknin var gerð hét þetta mannfræðiskor og var innan Félagsvísindadeildar. Kýs ég því að nota orðið mannfræðiskor.

5.1 Ákvörðun

Til að fá fram svör við viðhorfum kennara til þeirrar ákvörðunar að fjarnemar komi í námskeiðin þeirra, áhrifum tækni- og kennslufræðilegrar stoðþjónustu á kennslu og upplifun kennara er kafli um ákvarðanatökuna, þ.e. ástæðu þess að ákveðið var að bjóða upp á fjarnám í mannfræði og hvernig að þeirri ákvörðun var staðið og það sem kom í kjölfarið varðandi undirbúning og framkvæmd. Þessi kafli skiptist í tvo undirkafli. Annars vegar er kafli um aðkomu stofnunarinnar, þar sem sjónum er beint að

ástæðunni fyrir ákvörðuninni, undirbúningi kennara, stuðningi við kennara, kennslufræði – og tæknilegum, og hvernig þessu var hrint í framkvæmd. Hins vegar er kafli þar sem fjallað er um ákvarðanatökuna út frá sjónarhóli kennara. Þar er reynt að rýna í upplifun og líðan kennara með ákvörðunina, eftirfylgni og stuðningi við þá.

Kaflinn byggir á viðtölum sem tekin voru við verkefnisstjóra mannfræðiskorar í ágúst 2008 og í janúar 2009 og viðtölum við kennara sem tekin voru á bilinu 11. - 24. september 2008. Einnig skoðaði ég fundargerðir mannfræðiskorar 2. september, 16. september, 14. október, 28. október, 2. desember og 15. janúar 2009 til sjá bókanir um ákvarðanatökuna.

5.1.1 Ákvörðunin út frá sjónarhorni verkefnisstjóra námsbrautar í mannfræði

Aðalástæðu þess að bjóða upp á mannfræði í fjarnámi telur Guðrún verkefnisstjóri hafa verið umræðu meðal kennara í deildinni um hvað þeir gætu gert fyrir fagið sitt og til að efla deildina. Niðurstaðan hafi verið sú að bjóða upp á námið í fjarnámi til að greiða aðgang að því og fá inn fleiri nemendur. Kennarar töldu þetta samræmast stefnu háskólans um eflingu fjarnáms (sjá kafla um bakgrunn rannsóknar). Fyrirmyndin var sótt til þjóðfræðinnar þar sem þetta hafði verið gert með góðum árangri.

Sjálf hafði Guðrún jákvæða reynslu af því að innleiða fjarnám í annarri skor og hvatti því til þess að þessi leið væri farin. Ákvörðunin hafði því að hennar mati mótast í umræðunni og var á endanum tekin á fundi innan skorarinnar.

Þetta var með jákvæðum hætti og lagðir upp þeir möguleikar sem voru í boði og að þetta væri verk að vinna og verkefni að breyta öllu náminu og allri kennslunni yfir í fjarnám en hins vegar væri þetta ekki óyfírstíganlegt [...] Þetta er sameiginleg ákvörðun hér. NN hefur verið að kenna aðeins og hefur reynslu af þessu og fannst þetta ekki neitt mjög flókið og þau hafa öll ákveðna reynslu af þessu.

Aðspurð hvort allir kennarar hefðu verið tilbúnir í þetta verkefni sagði hún að þeir hafi á endanum samþykkt þótt skoðanir hafi verið skiptar í upphafi.

Já, já þau voru til í þetta þannig. Sögðu já, verðum við ekki að gera þetta, er þetta ekki nauðsynlegt, þetta er það sem koma skal, ef við ætlum að gera þetta, eigum við þá ekki að gera þetta fyrir allt.

Guðrún segir að tilfinningar hafi verið blendnar meðal kennara varðandi ýmis kennslufræðileg atriði t.d. ótti við meira vinnuálag, lakari mætingu staðnema og að tengsl við nemendur myndu rofna. Þeir veltu fyrir sér atriðum varðandi tæknimálin, hvernig umræður myndu fara fram og fleira. Þá töldu kennarar að mannfræði væri ekki heppilegt fag til að kenna í fjarnámi því að það kallaði á svo mikil samskipti. Þrátt fyrir þetta hafi niðurstaðan orðið sú að keyra þetta af stað þá um haustið 2008. Henni fannst það djarflega af stað farið þar sem hún hafði hugmyndir um að þetta yrði gert í þrepum en ekki boðið upp á allt námið í fjarnámi í einu.

En þau töluðu sig saman og auðvitað hvöttu þau hvort annað en svo kom auðvitað bakslag líka um að þetta væri allt mikið mál. Ég held að þau hafi tekið dálítið djarfa ákvörðun og stóra ákvörðun en þau voru líka dálítið stolt af henni þegar kom að því að setja þetta niður á kynningarblað sem þau voru með. Þar stóð bara fjarnám í öllum námskeiðum. Ég var allavega mjög stolt fyrir þeirra hönd [...] þannig að þetta er auðvitað sameiginleg ákvörðun og það var spurt af hverju sleppa einhverjum námskeiðum, það komu ekki nein almennileg rök gegn því þannig að þetta var niðurstaðan, sem betur fer, held ég, því það er ofsalega flott að geta sagt þetta en það þarf líka að standa við það.

Einn þeirra þátta sem Guðrún taldi hvetjandi fyrir kennara í upphafi var peningastyrkur sem mannfræðin fékk úr kennslumálasjóði til að umbuna kennurum fyrir þeirra framlag. Hún taldi þetta líka vera vissa viðurkenningu háskólasamfélagsins á verkefninu.

Við fengum styrk frá kennslumálasjóði til að umbuna kennurum fyrir þeirra vinnuframlag og ég held að það hafi skipt gríðarlega miklu máli fyrir hugarfar og viðhorf kennara gagnvart þessu verkefni. Auðvitað er það ljóst að þetta er aukið vinnuálag á þau og þau eru að taka upp námskeiðin sín með tilliti til þess að þú ert með fjarkennslu og svona í

Þessum tæknilega hluta [...] Ég held að það hafi hjálpað upp á að þau sáu allavega ákveðna viðurkenningu á verkefninu og að þau fái einhverjar krónur þótt þær séu ekki margar en það er ákveðið viðhorf gagnvart þessu verkefni þannig að það hefur hjálpað okkur þessi viðurkenning frá HÍ, ekki bara deildinni heldur miðlægt.

Guðrún segir að margt hafi staðið til að gera varðandi undirbúning kennslunnar í samstarfi við starfsfólk Kennslumiðstöðvar en tími og annir komið í veg fyrir að það væri gert. Eitt námskeið var haldið fyrir kennara á vegum Kennslumiðstöðvar og fundur með tæknimanni. Eftir þá fundi hafi hún heyrt að kennarar væru ráðvilltir en hún lítur á þetta sem tilraunatímabil hvað þetta varðar.

Það fannst sumum eftir þetta að þau væru svolítið ringluð en ég hef ekkert heyrt af því. Ég er búin að hitta þau einu sinni og það komu ekki einu sinni til umræðu einhver vandamál útaf fjarkennslunni þannig að þá eru auðvitað þessar fyrstu vikur og mánuðir fram að jólum tilraunatímabil með svona stóran pakka.

Þegar kemur að kennsluháttum voru af skorarinnar hálfu engar fyrirfram gefnar vinnureglur varðandi fyrirkomulag kennslunnar. Það var á ábyrgð hvers og eins kennara hvernig kennsla var háttað. Guðrún sagði að það hefði verið mælt með staðlotum en þær ekki settar sem skilyrði. Ætlunin hefði verið að halda fund í upphafi annar varðandi kennsluhætti en það hefði ekki náðst svo kennarar urðu að vinna þetta sjálfir.

Verkefnið er að fara af stað. Kennsla byrjar á mánudaginn og þá getur vel verið að það verði allt á öðrum endanum, ég veit það ekki [...]svo verða örugglega einhverjir byrjunarörðugleikar sem við verðum að taka á dag fyrir dag, hvern dag í einu. En það skiptir máli hugarfarið, þau eru að nálgast þetta núna.

Þá hafði ekki verið hugað að því að kynna þetta fyrirkomulag sérstaklega fyrir verðandi fjarnemendum. Það eina sem hún sagðist gera væri að gera ráðstafanir með próftöku úti á landi og erlendis og svara spurningum nemenda hvað það varðaði.

Varðandi kynningu á fyrirkomulaginu telur Guðrún að námið hafi verið nokkuð vel kynnt meðal kennara innan skolarinnar en þó hefði betur mátt huga að stundakennurum sem ekki fengu neina kynningu á þessu.

Við vorum kannski ekki alveg nógu skýr í upphafi gagnvart stundakennurum en gagnvart föstu kennurunum er þetta alveg á hreinu eftir ég best veit.

Hún hefði brugðist við með því að hafa fund fyrir þá í samráði við starfsfólk Kennslumiðstöðvar. Síðan hefðu fastir kennarar tekið við sínum stundakennurum og það hefði verið í þeirra höndum að sinna þeim.

Varðandi kynningu á ákvörðuninni út á við segir Guðrún hana ekki hafa verið mikla og þetta hafi ekki heldur verið kynnt formlega fyrir starfsfólki Félagsvísindadeildar.

Auðvitað er það föstu kennaranna að taka svona ákvarðanir og það var alveg á réttum stað en gagnvart skorinni í heild held ég af því mannfræðin er bara námsbraut og svo var Félagsvísindadeild sem er núna breytt þá bara svona fréttist af þessu. Við gerðum kannski ekki neitt húllum hæ úr þessu nema ég setti frétt á heimasíðuna en við gerðum ekki mikið úr þessu í rauninni.

Guðrún er mjög bjartsýn í upphafi á að þetta gangi vel og mjög sátt við ákvörðunina.

Þetta verður mjög spennandi misseri og ég hlakka svolítið til að fylgjast með þessu því þetta er í raun í fyrsta skipti sem að það er gert af svona miklum krafti hér innan Háskólans. Það engin deild sem hefur gert þetta svona allt í einu.

5.1.2 Ákvarðanatökan út frá sjónarhorni kennara

Kennarar hafa ekki allir sömu skoðun á ákvarðanatökunni og verkefnastjóri mannfræðiskolarinnar. Dagbjört tekur ekki undir þau orð hennar að ákvörðunin hafi verið tekin út frá umræðunni. Hún var í rannsóknarleyfi þegar þetta var ákveðið og vissi því ekki af því að þetta væri fastákveðið. Kristín og Gunnar vissu hins vegar allan tímann af því að þetta væri í deiglu og hvöttu til þess að

mannfræðin yrði kennd í fjarnámi. Þau horfðu bæði til þjóðfræðinnar í þessu tilviki og Gunnar sagði að reynsla þeirra sem þar kenndu væri bara til að hvetja sig áfram.

Þetta kom upp fyrir ári síðan. Við höfðum gert okkur grein fyrir að þjóðfræðin hafði byrjað á þessu og gekk mjög vel. Það var mjög mikil aukning hlutfallslega hjá þeim og það var talið að það væri fjarkennslunni svolítið mikið að þakka. Þannig að við kýldum á það við NN. En konurnar voru aðeins tregari.

Kristín var jákvæð gagnvart ákvörðuninni þótt hún hafi ekki tekið beinan þátt í að samþykkja að nemendum væri boðið að stunda námið í fjarnámi með staðnemum. Hún hafi vitað að þetta væri í umræðunni og að þau væru fyrst og fremst að horfa til þjóðfræðinnar varðandi framkvæmd kennslunnar. Þetta hefði komið inn á borð til hennar til umsagnar og hún brugðist vel við og hvatt til að þetta yrði gert, sérstaklega til að þjóna þeim nemendum sem vildu stunda mannfræðinám utan af landi og erlendis frá. Hún taldi einnig að þetta myndi í sjálfu sér ekki breyta miklu fyrir hana þar sem hún hefði alltaf haft nema í útlöndum sem hún leyfði að fylgjast með kennslu í námskeiðum sínum.

Kristín taldi ekki að þetta myndi breyta miklu um aðsókn í mannfræðina í sjálfu sér þar sem nemendur myndu alltaf velja fjarnám námsformsins vegna. Sú viðbót nemenda sem kæmi í upphafi í námið væri þá uppsöfnuð þörf.

Dagbjört sagði, eins og áður kom fram, að hún hafi ekki vitað af þessu og ekki verið boðuð á neinn fund varðandi fjarnámið. Hún hefði ekki tekið neinn þátt í umræðunni um vorið vegna þess að hún var erlendis í rannsóknarleyfi og gæti því ekki myndað sér skoðun á því hvort rétt hefði verið að málum staðið eða ekki. Hún lýsir því að sér hafi verið brugðið þegar hún frétti að búið væri að ákveða að bjóða upp á fjarnám því í hennar huga væri þetta svo stór ákvörðun og hún væri hrædd við nýja hluti sem þennan.

Það var búið að ákveða þetta þegar ég kom til baka. Mér var svolítið brugðið því mér fannst þetta vera mikil ákvörðun að ganga svona langt í þessu [...] En auðvitað verður maður líka bara hræddur við svona sem er nýtt.

Varðandi fræðslu og stuðning fyrir kennara í undirbúningsferlinu eru þau öll sammála um að það hafi verið lítið sem ekkert gert í þeim efnum fyrir utan einn fund með starfsfólki Kennslumiðstöðvar og tæknimanni. Þau gera mismikið úr þeim þætti og Kristín nefnir að hún geti ekki séð í byrjun hvernig þetta gæti verið öðruvísi.

Gunnar talaði um að fundur með tæknimanni hafi verið mjög hvetjandi fyrir sig. Tæknimaðurinn hafi gert lítið úr erfiðleikum og sannfært þau um að þetta myndi allt ganga upp þegar af stað væri farið. Á fundinum hafi verið lögð áhersla á hvernig ætti að nota tæknina frekar en hverjir möguleikarnir væru. Þar hafi líka komið fram að kennurum fannst þetta sumum hverjum erfiðara en öðrum.

Þetta var fyrsta námskeiðið sem við fórum á hjá NN. Það var ósköp mikil hvatning, fannst mér. Hann var að segja okkur að þetta væri ekkert mál. Við vorum búin að heyra það hjá þjóðfræðinni að þetta væri voða lítið mál. Þannig að þetta voru svona tveir pólur hjá okkur varðandi það að byrja á þessu. Sumum okkar fannst þetta lítið mál á meðan öðrum fannst þetta vera rosa mál. Ég held að kynningin hafi verið svona kannski á tækninni frekar en möguleikunum sem hún felur í sér og þá aðallega bara að hengja þetta á sig og tala.

Kristín segir að hún hafi ekki leitt hugann mikið að undirbúningnum í upphafi þar sem hún var mjög upptekin í kennslu og við rannsóknir, taldi að hún myndi smátt og smátt læra þetta. Það var því ekki fyrr en á hólminn var komið að hún þurfti virkilega að fara að velta þessu fyrir sér.

Ég hugsaði bara að ég myndi örugglega smátt og smátt læra þetta þegar nær drægi vegna þess að það er svo erfitt þegar maður er á kafi í að kenna önnur námskeið og reyna að skrifa og undirbúa ráðstefnur [...] þá er mjög erfitt að vera að hugsa um fjarkennslu næsta misserið.

Þau eiga það öll sameiginlegt að vera ekki með fyrirframgefnar hugmyndir um það hvernig þau ætli að vinna þetta. Þau ætla að láta hverjum degi nægja sína þjáningu og takast á við hlutina um leið og þeir koma upp. Þau eru þó misjafnlega róleg gagnvart því. Gunnar er hvað rólegastur og segir:

Ég lít bara á að maður er að stökkva út í djúpu laugina með þetta og það er allt í lagi. Maður hlýtur að krafla sig áfram. Af því ég held að maður geti ekki sagt sér það fyrirfram nákvæmlega hvað maður ætlar að gera. Maður er með ákveðnar hugmyndir og maður verður bara að leita og finna út úr því hvað þetta gefur manni [...] ja, ég geri ráð fyrir að maður rekist á eitthvað sem verður svona pínulítið flókið en þá nær maður bara í NN tæknimann eða einhvern.

5.2 Kennslan

Til að fá fram svör við spurningunum um hvernig kennarar nýti sér upplýsingatækni í kennslu, hvaða erfiðleika þeir glími við í kennslu sinni og hvað auðveldi þeim að yfirstíga hindranir við þessar breyttu aðstæður er kafli um kennsluna sjálfa sem skiptist annars vegar niður í upphaf kennslu þar sem þemun eru undirbúningur, upplýsingatæknin, samskipti við nemendur og hins vegar í framkvæmd kennslu, þar sem þemun eru kennsluaðferðir, notkun á upplýsingatækni og samskipti við nemendur.

Viðtölin sem liggja til grundvallar greiningunni voru tekin 11. – 24. september, 4. – 11. nóvember 2008 og 20. – 21. janúar 2009. Einnig skoðaði ég heimasíður námskeiðanna sem viðmælendur mínir kenndu til að varpa ljósi á þætti líkt og fjölda fjar – og staðnema í námskeiðunum, notkun á umræðuþráðum og annarri upplýsingatækni.

5.2.1 Upphaf kennslu

Viðtölin sem kafliinn byggir á voru tekin þegar nokkrar vikur voru liðnar af kennslu annarinnar þann 11. – 24. september. Allir viðmælendur voru þá komnir vel af stað í kennslunni.

Eins og fram kom hér að framan var hverjum og einum kennara í sjálfsvald sett hvernig hann hagaði sinni kennslu. Það var engin sameiginleg stefna varðandi aðgang að upptökum, notkun umræðuþráða, skipulag staðlota eða annarra þátta fjarkennslunnar sem m.a. voru notaðar í þjóðfræðinni sem mannfræðikennarar horfðu til. Viðmælendur mínir urðu því að skipuleggja sig eftir sínu hyggjuviti og sannfæringu.

Enginn þeirra breytti markmiðum námskeiða, námsefni eða námsmati í upphafi svo einhverju næmi. Gunnar hugðist þó nýta vefinn meira en áður til að hýsa myndefni og hafa heimapróf í stað prófs á staðnum. Einnig ætlaði hann að láta nemendur skila sér verkefnum í tölvupósti sem

hann hafði ekki gert áður. Hann hugðist ekki nýta til þess skilakerfið á kennsluvef námskeiðsins í Uglunni. Kristín breytti í engu innihaldi eða markmiðum þeirra námskeiða sem hún kenndi þessa önn. Henni fannst ekki vera ástæða til þess þó að hún væri að kenna þau í fjarnáminu. Námsmat breyttist lítillega í MA námskeiðinu þar sem hún lagði meiri áherslu á umræður á netinu fyrir bæði stað- og fjarnema. Dagbjört breytti ekki námsmarkmiðum, námsefnisvali eða námsmati á neinn hátt.

Ekkert þeirra ætlaði að hafa fjarfundi eða staðlotur í námskeiðunum sem þau kenndu. Ástæður þess voru ekki ígrundaðar og virtist sem þau hafi ekki velt þessu mikið fyrir sér. Gunnar taldi í því sambandi ekki rétt að gera þær kröfur til nemenda að þeir mættu á ákveðinn stað áður en hann væri búinn að kynna þeim og aðstæðum þeirra án þess að gera frekari grein fyrir því hvað hann meinti með því.

Mér finnst ég þurfa að kynna þessu fólki sem er að koma inn til að sjá hvort fólk eigi yfirhöfuð heimangengt, hvernig aðstæður eru hjá þeim.

Dagbjört bar við önnum og að of seint væri að fara af stað með staðlotur þegar kennsla væri hafin. Til þess að hafa slíkar lotur þurfi hún ráðleggingar og aðstoð við skipulagningu því að hún áttaði sig ekki á því hvernig fyrirkomulagi staðlota er háttað. Hún nefnir ekki þann möguleika að hafa fjarfund.

Ég þarf ráðleggingu um það, ég veit ekki hvernig fólk kemur frá New York og Malaví til að fara á staðlotur [...] En það er eitthvað sem ég þarf að ræða við aðra, ræða við samkennara mína [...] og ég átta mig ekki á því hvernig þetta kemur út fyrir staðnema, hvort þeir eru eitthvað með í staðlotum. Þetta var einhvern veginn eitthvað sem ég náði ekki, skildi ekki alveg hvernig þetta væri hugsað. Þannig að ég setti þetta ekki inn.

Kristín ákvað ekki í upphafi hvort hún ætlaði að hafa staðlotur eða ekki til að nálgast nemendur og sagðist í raun alveg hafa gleymt að reikna með þeim í skipulagningunni. Hún sér ekki heldur tilgang með þeim þar sem nemendur eru staðsettir út um allan heim og hún hafi ekki velt fyrir sér neinum öðrum möguleikum eins og fjarfundum eða slíku.

Varðandi samskipti við fjarnemendur frá degi til dags er allur gangur á því hvernig kennararnir undirbúa umræður, hvort þeir hafi þær opnar öllum eða bara fyrir fjarnema og hvort þeir skikki nemendur til að taka þátt eða ekki. Gunnar er í byrjun ekki búinn að skipuleggja neitt formlega í þessum efnum og ætlar að sjá til með umræður eftir því sem á líður.

Kristín hefur skipulagt umræður og hugsar þær út frá eðli námskeiðanna sem hún er að kenna. Það er ekki sama formið hjá henni í BA námskeiðinu og MA námskeiðunum. Í BA námskeiðinu ætlar hún að hafa umræður opnar fyrir alla til að byrja með. Hún segir að þau séu öll að kynnst hvert öðru og venjast vinnubrögðum og því gott fyrir þau að taka sameiginlegan þátt í umræðum. Þegar líður á ætlar hún hins vegar að vera með netumræður fyrir fjarnemana sérstaklega.

Í náminu í grunnnáminu erum við með verkefni sem við höfum haft áður og það eru þrjú verkefni sem þau gera á önninni og vinna í tímum og kynna. Og ég vil að þau haldi áfram að gera það því að það hafa verið mjög vinsæl verkefni. Þetta eru fyrsta árs nemar og þau kynnst hvert öðru og síðan eru verkefni sem þjálfar þau mikið fyrir prófið en þá vil ég halda fjarnemendum sér.

Þarna er Kristín búin að upphugsa leiðir til þess að nemendur kynnist, óháð því hvort um stað- eða fjarnema er að ræða. Í MA námskeiðunum ætlar Kristín að vera með umræður fyrir alla á netinu óháð námsforminu. Hún segir að upp komi margar góðar hugmyndir sem allir ættu að hafa aðgang að hvort sem um stað- eða fjarnám er að ræða. Hún vill því hafa alla saman í umræðum á vefnum.

Mér sýnist þetta vera verkefni þar sem allir vilja hafa aðgang að hugmyndum allra vegna þess að ein góð hugmynd sem myndi koma væri þá bara bundin við einn hópinn en getur komið af stað svo mörgum skemmtilegum hugmyndum þannig að ég vil að fjarnemendurnir séu með líka. Ég get líka séð að fjarnemendurnir einmitt í þessu námskeiði sem eru t.d. í Afríku, að þeir gætu komið með flott innlegg líka fyrir þá sem eru hér heima svo ég sé ekki af hverju ég ætti að setja þá sér og jafnvel þó þetta séu dálítið margir nemendur.

Sama hátt ætlar hún að hafa í öðru meistarastignámskeiði sem hún kennir.

Þetta snýst mikið um kenningar og stefnur sem þau eiga að koma inn fimm sinnum og fjalla um fimm mismunandi þemu og þá jafnvel þó þau séu yfir þrjátíu vegna þess að þemun eru svo mörg þá get ég ekki séð annað en það sé best að hafa þetta opið fyrir alla og ég sé ekki alveg punktinn í að aðskilja fjarnema og aðra þarna heldur.

Dagbjört líkt og Kristín leggur mikla áherslu á umræður fyrir bæði fjar- og staðnemendur í MA námskeiðinu sem hún kennir. Hún stofnaði sérstakan umræðuþráð fyrir fjarnemendur til að þeir hefðu sinn vettvang útaf fyrir sig. Í framhaldinu notaði hún svo þessa umræðuþræði á þann hátt að hún lét hópa sem ræddu saman í umræðutímum skrifa niður atriði úr umræðum og tók það síðan upp hjá þeim og setti á netið. Fyrir vikið fannst henni að umræðurnar væru markvissari og það þótti henni kostur. Hún bað nemendur einnig um að skila henni minnisblaði sem hún fer yfir og skilar aftur inn á netið með athugasemdum. Þar telur hún að báðir nemendahópar sitji við sama borð þar sem allt fari í gegnum netið.

Nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag en höfðu þó áhyggjur af verkefnaskilum þar sem hún er ekki búin að finna leið til þess þegar þarna er komið við sögu í samvinnu við nemendur sína.

Þeim finnst þetta bara fínt, en þau eru samt að velta fyrir sér hvernig þau eigi að kynna ritgerðina. Sumir vilja fá að setja hana inn á YouTube, aðrir vilja fá að senda hana skrifaða. Ég sagði þeim bara að við myndum hafa ólíkar leiðir eftir því sem við vildum. Ég náttúrulega bara veit það ekki, ég tek bara eitt skref í einu, ég kann náttúrulega ekki á þetta sjálf sko [...]. Þau bara skila inn sínum verkefnum og taka þátt og hluti af námsmatinu er að taka þátt í svona umræðum og eru að senda inn minnisblöðin og skrifa ritgerð og ég hef ekki alveg séð hvernig ... eina sem ég hef áhyggjur af er með framsögurnar. Ég fatta ekki alveg hvernig fólk sem er í fjarnámi til dæmis í hagrænni mannfræði, hvernig það hefur

framsögu, hvort það sendi mér bara ekki eitthvað í staðinn, ég held það verði þannig.

Aðgangur að fyrirlestrum er atriði sem öllum viðmælendum er mjög tíðrætt um. Þau eru ekki sammála um hvort þeir eigi að vera aðgengilegir bæði stað- og fjarnemum. Kristín taldi að ákvörðunin um að hafa upptökurnar fyrir alla yrði að vera sameiginleg og kennarar væru ekki sammála um það atriði. Hún telur að aðrir kennarar hafi verið hálfhræddir við að taka þessa ákvörðun því að þeir óttuðust að nemendur myndu hætta að mæta í tíma ef þeir hefðu aðgang að upptökum á netinu. Hún var sjálf ekki í minnsta vafa um að slíkar vangaveltur væru óþarfar.

Veistu mér er alveg sama. Ég vil hafa allt opið og það er bara nemendanna að velja. Það eru áhyggjur af því að þá hætti þeir að mæta en ég vil bara hafa allt opið og þeir þurfa ekkert að mæta [...] auðvitað vil ég að nemendur mæti líka, ég hef ekki gert neina skráningu en mér finnst að þau hafi ekkert mætt verr en áður.

Dagbjört var ein af þeim sem telur það koma niður á mætingu að hafa þetta opið fyrir alla og hún ætlaði í upphafi einungis að hafa fyrirlestrana aðgengilega fyrir fjarnema. Hún opnaði þá síðan fyrir alla nemendur. Ástæðuna sagði hún vera þá að henni fannst hún strax verða vör við að staðnemendur teldu að framhjá þeim væri gengið með því að vera með upptökur fyrir fjarnema. Því hafi þeir skráð sig bæði sem stað- og fjarnema. Í framhaldi af því ákvað hún að hafa upptökurnar á vefnum opnar og aðgengilegar fyrir alla. Kristín sagðist hafa áttað sig á því að það var rétt ákvörðun að hafa upptökurnar opna fyrir alla eftir að staðnemendur höfðu samband við hana og vildu fá aðgang að öllum upptökum líkt og hjá Dagbjörtu. Um það segir hún:

Með því að hafa upptökur bara fyrir fjarnema lenti ég í allskonar veseni, nemendur vildu fá að hlusta útaf ýmsu. Og svo fór ég að hugsa af hverju mætti þetta ekki vera fyrir alla, af hverju ætti ég að hafa upptökur sem væru bara fyrir suma og svo þekkja sumir einhvern og geta fengið upptökurnar þannig og svo endaði það með því að við ákváðum hér í horninu að hafa þær fyrir alla [...] Og mín niðurstaða var bara strax að ég ætlaði ekki að standa í því að sortera upptökur ofan í fólk.

Gunnar er sama sinnis og Kristín og sér ekkert því til fyrirstöðu að hafa fyrirlestrana opna fyrir alla.

Ég lít á þetta sem viðbót og möguleika til að breyta kennslufyrirkomulaginu eitthvað og reyna að færa það yfir eða taka það úr þessu fyrirlestra glósuformi og færa þetta yfir í eitthvað þar sem fólk eða nemendur eru sjálfir að takast á við þetta og finna sig í efninu en ekki að finna efninu einhverstaðar stað í sjálfu sér í tvo til þrjá daga á meðan það er að fara í próf eins og það hefur oft verið.

Honum fannst nemendur taka þessu almennt vel og hann varð ekki var við minni mætingu þrátt fyrir að fyrirlestrar væru á netinu. Þvert á móti taldi Gunnar að það hefði verið betri mæting ef eitthvað var. Nemendum fannst gaman að koma í tíma en jafnframt hefðu þeir haft á orði að það væri gott að hafa þann möguleika að geta hlustað heima á fyrirlestra ef aðstæður væru þannig að þeir gætu ekki mætt. Hann vill halda því áfram að hafa fyrirlestrana opna fyrir alla.

Ég er alveg á móti því að vera að loka þessu á tiltekna nemendur, þetta á bara að vera opinn möguleiki, annað er bara ofstjórn finnst mér.

Þau eru ekki hrædd við tæknina og ekkert þeirra nefnir hana sem eitthvað sem hamli í framkvæmd en hins vegar hafa þau ekki velt sérstaklega fyrir sér möguleikum hennar til miðlunar efnis á annan hátt en þann að taka upp fyrirlestra í staðnáminu og koma þeim á vefinn og hafa umræður á umræðuþráðum.

Kristín lenti í tæknilegum töfum og smávægilegum vandræðum sem hún fann út úr sjálf á endanum. Hún var ekki viss um hvort upptökur tókust hjá henni og hún eyddi töluverðum tíma í að finna sjálf út úr ýmsum tæknilegum vandamálum í stað þess að kalla til tæknimann.

Ég hélt að ég þyrfti að gera þetta sjálf og eyddi svolitlum tíma í þetta, að minnsta kosti tvo fyrstu tímana í að vista. Þannig að það liggja tvær Kristínar í upptökumöppunni í námskeiðunum.

Þegar kennarar voru spurðir út í það hvernig fjarkennslan legðist í voru Kristín og Gunnar jákvæð en Dagbjört leit þetta ekki sömu augum. Gunnar og Kristín eru frekar „afslöppuð“ gagnvart þessu verkefni og ætluðu að láta hverjum degi nægja sína þjáningu og læra á þetta um leið og önnin liði. Sem dæmi um það eru orð Gunnars þegar hann segir að hann hafi ekki gert sér neinar hugmyndir um það fyrirfram hvaða aðferðum hann ætlaði sér að beita í fjarkennslunni aðrar en þær að setja fyrirlestrana á netið og aðspurður um hvort sérstaklega hafi verið rætt um hvernig nálgast ætti nemendur sagði hann:

Nei, við veltum því ekkert fyrir okkur. Vorum ekkert að spá í það. Við ætluðum bara að útvarpa, koma boðskapnum sem víðast og fá sem flesta nemendur og einingarnar þeirra inn.

Kristín er hjartsýn á fjarkennsluna og talar um að þetta sé verkefni sem hún muni leysa um leið og fram vindur. Hún segist ekki hafa áhyggjur af undirbúningi kennslunnar en hefur um leið leitt hugann að mörgu varðandi komandi vikur s.s. fyrirkomulagi umræðna og birtingu fyrirlestra.

Dagbjört er líkt og hin tvö að velta fyrir sér leiðum um leið og hún er að kenna. Hún telur sig ekki hafa fengið nægjanlega leiðsögn, er frekar óörugg og finnst þetta vera aukið álag á sig sem kennara. Ekki er um að ræða neinn beinan stuðning frá deildinni og ekki mikið samráð milli kennara. Hún segir þó að hún og Kristín beri saman bækur sínar varðandi aðferðir og leiðir. Dagbjörtu finnst vera meiri vinna að kenna í fjarnámi. Hún nefnir mikið álag við að svara tölvupósti frá nemendum og þá sérstaklega pósti er varðar skráningu nemenda í námskeið og stað- og fjarnám. Undir það tekur Kristín. Dagbjört segir að það virðist sem nemendur séu mjög í lausu lofti varðandi það hvert þeir eigi að snúa sér varðandi utanumhald námsins og leiti því til hennar.

Þau spyrja endalaust. Þau vita ekki hvert þau eiga að leita og spyrja alltaf kennarann sinn. Þannig að þetta er búið að vera rosalega mikil vinna að svara þessu.

Kristínu er umhugað um að kennarar vinni saman að þessu verkefni og samræmi vinnubrögð sín. Hún hafði frumkvæði að því að kalla saman

fund skömmu eftir að námið hófst þar sem farið var yfir ýmis mál er vörðuðu kennsluna.

Á þriðjudaginn ætlum við að ræða fjarkennsluna og svona bera saman bækur okkar og ég held að í mannfræðinni hjá okkur sé mikilvægt að við keyrum sameiginlega pólitík, að þar sé ekki einn kennari sem ákveði að hafa lokað fyrir þetta og aðrir sem hafa opið.

5.2.2 Framvinda kennslu

Tekin voru viðtöl við Gunnar og Dagbjörtu þann 4. og 6. nóvember 2008 til að fá upplýsingar um hvernig kennslan gengi. Á bilinu 20. -21. janúar 2009 voru tekin ítarleg viðtöl við alla kennarana þrjá þar sem markmiðið var að fá fram skoðanir þeirra á því hvernig til hefði tekist. Þar fór Kristín vel yfir gang kennslunnar þar sem ekki náðist að taka viðtal við hana um það í nóvember líkt og hin tvö. Hér er reynt að draga fram hvernig kennararnir höguðu kennslunni, nýttu upplýsingatækni í kennslu og í samskiptum við nemendur. Líkt og í köflunum hér að framan er einnig leitað eftir upplifun kennara og líðan í kennslu.

Þau eru jákvæð varðandi notkun á upplýsingatækninni. Tæknin sem slík vefst ekki fyrir þeim á annan hátt en þann að Kristínu fannst vera aukaálag að hafa áhyggjur af því hvort upptökur heppnuðust eður ei.

Kannski það eina sem var erfiðasta var að ég var alltaf með léttan hjartslátt yfir því hvort upptakan hefði tekist eða ekki og tvisvar datt niður hljóð. Annað skipti gleymdi ég og fattaði svo síðar og talaði þann part inn aftur og í hitt skiptið hvarf það einhvers staðar á leiðinni. Það var eitthvað tæknilegt rugl.

Ekki er um aðra notkun á upplýsingatækni að ræða en þá að þau taka upp fyrirlestra í staðnáminu og láta á kennsluvef námskeiðsins í Uglunni og nýta umræðuþræðina í námskeiðunum. Þau nýta ekki fjarfundabúnað, veffundi, rafræn próf, eða annan búnað sem Háskólinn bauð upp á og möguleiki var á að nýta í Uglunni og Moodle á þessum tíma. Gunnari og Kristínu finnst stundum þvingandi að taka upp kennslu í tímum með staðnemum. Kristínu fannst eins og hún kæmi öðruvísi fram við nemendur þegar upptaka var í gangi. Gunnari fannst tímafrekt að koma

upptökum af stað og vildi sjá fleiri hljóðnema í kennslustofunni til að taka upp það sem fram fór meðal nemenda svo fjarnemar gætu heyrt umræður þeirra líka.

Mér finnst aðalatriðið að reiða sig á tæknina. Það tekur dálítinn tíma að starta þessu, það tekur dálítinn tíma að stoppa þetta og koma upptökunni inn. Það finnst mér vera truflandi og tæknilega hliðin varðandi það að hafa ekki fleiri míkrofóna til að ná umræðum finnst mér stundum hafa dálítið þvingandi áhrif á kennsluhættina. Að öðru leyti finnst mér þetta ekki hafa sérstök áhrif. Mér finnst þetta fínt.

Tæknilega er Dagbjört ekki í neinum vandræðum en segir þó að það sé hvítleitt að verða rafhlöðulaus í miðjum fyrirlestri eða að upptaka stoppi í miðjum klíðum þótt farið hafi verið að öllum fyrirætlum. Við því væri ekkert að gera og tæknimaður sé ávallt boðinn og búinn til að hjálpa þeim.

Gunnar notar ekki verkefnaskilakerfi heldur lét hann nemendur skila verkefnum með tölvupósti og notar umræðuþræði ekki mikið. Hann telur Ugluna (námsumsjónarkerfið) ekki vera nógu gott kerfi, aðgengilegt eða notendavænt.

Mér finnst Uglan mega vera liprari. Hún má vera skýrari og sérstaklega finnst mér það ætti að vera síða þar sem allir kennslumöguleikar ættu að vera ljósir. Það er alltof mikið á henni, á sömu blaðsíðunni. Hún er ekki notendavæn að því leytinu til.

Öll myndu þau vilja nota tæknina meira og kynna sér frekari möguleika hennar til miðlunar. Gunnar segir aðspurður um hvort hann hafi nýtt tæknina til fulls, að hann telji svo alls ekki vera. Hann hafi reynt að prófa sig áfram með gagnvirkan kennslubúnað (skrifskjá) en það krefjist frekari æfinga. Hann sér fyrir þann möguleika að taka fyrirlestra upp fyrirfram og nýta tímana í annað með staðnemendum. Það telur hann myndi gera kennsluna líflegri. Dagbjörtu finnst gaman að fást við tæknina og lítur á það sem verkefni að finna leiðir til að koma efninu til nemenda. Í lok annarinnar sér hún fram á að hún nýti sér möguleika tækninnar meira til kennslu og samskipta en hún gerði áður. Um það segir hún:

Mér finnst ég vera nú þegar að nýta mér tæknina miklu meira og ég held að ég eigi eftir að gera enn meira. Mér finnst ég vera að taka alveg rosalega stórt skref.

Þó að viðmælendum mínum hafi gengið nokkuð vel að nota tæknina segir Guðrún verkefnisstjóri um tæknimálin að hún telji þau hafa átt stóran þátt í því að ekki gekk eins vel og til var ætlast í upphafi og um miðjan október var haldinn fundur þar sem þau mál voru rædd með kennurum og tæknimanni. Þar hafi ýmislegt komið fram sem betur mætti fara.

Svo kom þarna í október, þá var líka rætt um tæknileg vandamál. Hjóðnemar virkuðu ekki, kennslan tókst ekki upp og ég var svolítið í sambandi við tæknimann að ýta á hann að hafa þetta í lagi.

Kennararnir nýttu allir umræðuþræði sem samskiptaform við fjarnemendur eins og kemur fram í kaflanum um undirbúning kennslunnar. Þau lögðu mismiklar áherslur á umræður eftir námskeiðum og eðli þeirra. Umræður gengu misvel hjá þeim og Gunnar hafði í upphafi ekki sett upp sérstakan umræðuþráð fyrir fjarnemendur í BA námskeiðinu þar sem hann sá ekki fram á að þau myndu taka þátt í umræðum þar vegna þess að þau væru tvö og hann þekkti til þeirra.

Það er ein á Ísafirði og einn á Akureyri og þetta er fólk sem ég kannast aðeins við og ég hef á tilfinningunni að þau myndu aldrei taka þátt í því þó það yrði sett upp. Þetta er rosalega sjálfstætt fólk sem er bara að ljúka ákveðnu máli.

Gunnar sagðist velta því stundum fyrir sér hvort hann sinnti fjarnemendum í því námskeiði nógu vel en svo hafi komið á daginn í verkefnaskilum að það væri allt í lagi hjá þeim, þau fylgdu staðnemum og væru að gera sömu hluti.

Aftur á móti veltir Gunnar fyrir sér leiðum í MA námskeiðinu sem gerði miklar kröfur um þátttöku nemenda. Þar voru staðnemar virkir en hann átti erfiðara með að nálgast fjarnemendur og heldur að skýringin liggja m.a. í því að þau séu fá og nái ekki sama takti og staðnemendurnir. Það ergi þau að geta ekki verið jafn virk og staðnemendur.

Þetta virkar ekki fyrir fjarnemendur af því þau komast ekki inn í þetta hópefli sem hefur orðið. Nýtt námskeið og nemendur stýra þessu svólítið sjálfir, hafa skoðanir á þessu og ég leyfi þeim að ráða [...] Þau eru að fjalla um skynjun og skynjun er náttúrulega meira en bara sjón og heyrn eða texti eða mynd. Þau eru að koma með allskonar dót í tíma í sambandi við skynjun og hafa augljóslega óskaplega gaman af því að mæta og gera þetta og sjá og kynna og sjá hjá öðrum þannig að ég held að það fari í taugarnar á fjarnemunum.

Hann hefur ekki gert neitt sérstakar ráðstafanir til að nálgast þessa nemendur sérstaklega í staðlotum eða fundum og er ekki búinn að hugsa upp leiðir í framhaldinu til að vinna með þeim. Hann veltir því fyrir sér í kjölfarið hvort námskeið eins og þetta sé þess eðlis að heppilegt sé að kenna það í fjarnámi þar sem það krefjist þess að nemendur séu á staðnum til að markmiði þess sé náð.

Ég er efins um að þetta henti námskeiði eins og þessu, ég held að menn verði að mæta og vera líkamlega til staðar vegna þess að umfangið, viðfangsefnið er þess eðlis. Við erum að fjalla um líkamlega nærveru, skynjun, en það er erfitt nema í sérstökum tilfellum að kenna það í fjarnámi.

Hann sagði að það hefði komið sér á óvart að fjarnemar vildu að hann sinni þeim persónulega

Mér fannst stundum einstaka fjarnemi vera með mjög miklar væntingar um að ég myndi leggja mikið á mig til að sinna honum persónulega, en það er nú bara svona eins og gengur.

Varðandi samskipti Dagbjartar við sína fjarnemendur þá hvatti hún þá til hafa samband við sig á viðtalstímum auk þess sem hún var með umræður tengdar náminu á umræðuþráðum. Hún segir að það hafi komið sér á óvart að fjarnemar virtust ekki virða nein mörk þegar kom að því að hafa samband við hana í tölvupósti og vildu að hún svaraði þeim um helgar. Þarna sjái hún hve mikilvægt það er að draga skýrar línur í byrjun. Hún segir mikinn mun á umræðum fjarnema eftir því hvort þeir eru í BA eða MA námi þar sem síðarnefndu nemendurnir væru mun virkari á umræðuvefnum. Hún hafi ekkert heyrt í fjarnemum í grunnnámskeiðinu

til að byrja með og hélt jafnvel að þeir væru hættir þegar hún fékk verkefni frá einni. Hún hafi ekki gert neitt sérstakt í upphafi til þess að kanna hvort þeir væru virkir eða ekki. Svo áttaði hún sig á því að þetta var eitthvað sem hún varð að hafa í huga.

Svo fékk ég póst frá einni og ég var alveg hissa að heyra í henni og sagði ertu ennþá í námskeiðinu ég hef ekkert heyrt í þér eða fengið neitt frá þér. Þá hélt hún af því hún hafði ekki skilað neinu í tímum að þá væri hún búin að missa af lestinni en ég hefði ekki sett nein sérstök mörk fyrir fjarnemana að skila á réttum degi [...]. Þannig að það er margt svona sem maður áttar sig ekki á að segja þeim. Nú föttum við miklu meira hvað það er sem maður þarf að segja skýrt.

Að sama skapi finnst henni eins og skilaboð hennar til fjarnemana komist ekki á leiðarenda. Þeir lesi illa póstinn sinn og fylgist lítið með vefnum. Hún reyni að vanda hvar hún setur hlutina inn á vefinn, lætur þá vera í Uglu og í tölvupósti en þau spyrji samt sem áður.

Hún gerir sér í kjölfarið grein fyrir því að allt verði að vera skýrt og skorinort og það séu ekki einvörðungu fjarnemar sem fá ekki skilaboðin frá henni heldur sé þetta gegnumgangandi meðal nemenda. Það sé e.t.v. tilhneiging til þess að kenna fjarnáminu um allt sem miður fer.

Ég fann að þau voru óörugg og þetta verður að vera nógu skýrt, ég veit ekki hvort ástæðan er að þetta eru fjarnemar, til dæmis í dag var ég ferlega pirruð og kenndi fjarnáminu um allt en auðvitað geta verið aðrar skýringar, t.d. það að það eru fleiri nemendur í þessu en áður og fleiri úr öðrum greinum.

Umræður ganga betur í MA námskeiðinu. Þrátt fyrir það gerir hún sér grein fyrir því hvernig hún geti gert enn betur með breyttu skipulagi á umræðunum.

Ég held núna og sé af reynslunni að ég hefði átt að búa til nokkur umræðuhólf og hefði átt að merkja þau eftir vikum, það virðist vera voða mikið þau sömu sem koma inn [...] en núna veit ég af reynslunni að næst er betra að setja inn þemu og þá sér maður hverjir eru að koma inn á hvert þema.

Kristín líkt og Dagbjört veltir mikið fyrir sér hvernig best sé að nálgast fjarnemendur í umræðum og annarri vinnu á vefnum. Hún segir að eftir því sem á leið kennsluna hafi hún mótað með sér hugmyndir varðandi skipulag á umræðum. Hún taldi að það þyrfti að horfa meira til eðli og innihalds námskeiða þegar farið er af stað með umræður varðandi það að blanda saman stað-og fjarnemum. Hún sagði að í sumum tilfellum fari það afar vel saman að nemendur taki allir þátt og sérstaklega þegar nemendur eiga að kynna efni og bregðast við hver hjá öðrum. Í öðrum námskeiðum fari betur að hafa þetta aðskildar umræður þar sem efni námskeiðs krefst meiri staðreyndalærdóms og hugtakaskilgreininga.

Tilfinning þeirra gagnvart kennslunni er misjöfn og líðan þeirra um leið. Dagbjörtu fannst þetta vera mikil vinna og álag. Hún segir þetta hafa verið miklu meiri vinnu en hún bjóst við og er mjög ósátt við að fá ekkert greitt fyrir fjarnámið sérstaklega.

Hún líkir þessu við það að vera með fullan bolla, þurfa að bæta í og allt flæði yfir. Sér hafi verið farið að líða mjög illa á tímabili, hún var tætt og þreytt og upplifði þetta ekki á jákvæðan hátt.

Á tímabili leið mér orðið þannig að dagurinn var bara ekki nógu langur og ég var komin með kvíðakast því það var endalaus póstur frá fjarnemum og maður var bara að drukkna. Núna er þetta ekki eins mikið og ég hef tíma til að anda [...] En ég upplifði fjarkennsluna ekki á jákvæðan hátt. Ég var að hugsa hvað erum við eiginlega búin að koma okkur út í þannig að þetta var svo mikil vinna. Og þetta er ekki bara vegna þess að þetta sé svo rosalega mikil vinna. Það er bara að við erum með það mikið fyrir, við erum að sinna rannsóknum okkar, ég var á ráðstefnum, maður er að reyna að skrifa eitthvað og meta greinar frá öðrum og fyrir utan það er maður að sækja um fullt af styrkjum sem þarf líka að gera því það tilheyrir vinnunni þannig að ég upplifði að ég væri að bæta á mig endalaust af vinnu en aldrei meiri launum og ég var orðin mjög frústreruð.

Hún nefnir einnig að aðrir kennarar virðist ekki upplifa þetta á sama hátt og hún.

Mér finnst ég virðast svona neikvæðust, mér finnst hin ekki vera svona, mér fannst t.d. á fundi um daginn að ég virkaði eins og algjör nöldurskjóða eða nöldurkelling. Hinir sögðu nei þetta er ekki svo slæmt svo ég hugsaði hvort ég væri að upplifa þetta sem meiri byrðar en þeir.

En þrátt fyrir mikla vinnu segir hún hana ekki hafa verið leiðinlega og að margt skemmtilegt hafi komið upp. Þetta hafi kennt henni margt, sérstaklega þegar kemur að skipulagningu og kennsluaðferðum. Hún horfi mikið til liðinnar annar þegar hún byrjar að kenna í nýju námskeiði nú eftir jólin.

En þótt mér hafi þótt þetta mikil vinna fannst mér þetta ekki leiðinlegt, mér finnst margt skemmtilegt í þessu og maður lærir ýmislegt og þetta hjálpar mér með skipulagið áfram og kennsluaðferðir en þetta er bara of mikil vinna, það er það sem er vandamálið.

Gunnar og Kristín eru sáttari og varðandi vinnuálagið fann Gunnar ekki fyrir að það yrði meira. Það væri fyrst og fremst meiri tölvupóstur en hann liti ekki á tölvupóst sem sérstakt álag. Hann sæi hins vegar fyrir sér að það ætti að gera ráð fyrir að fjarkennsla væri 30% meiri vinna en venjuleg kennsla með staðnemendum eingöngu og þá væri hægt að leggja meira í fjarkennsluna og sinna nemendum betur.

Ég sé alveg fyrir mér að ef maður ætti að gera þetta almennilega þá verður maður að leggja allavega 30% meiri vinnu í námskeiðið til að byrja með. Þá er spurning um að taka upp fyrirlestra fyrirfram og vinna meira með þá.

Kristín segir þetta hafa verið svipað og hún átti von á í upphafi annar. Hún telur að meira vinnuálag sé eðlilegt miðað við kennsluformið og eitthvað sem þau máttu búast við. Hún segir líkt og Gunnar að það sé fyrst og fremst meiri tölvupóstur frá nemendum en telur skýringuna á því liggja í breyttu námsmati í námskeiðunum þar sem kennarar hafi ákveðið að vera með meira símat en áður þegar leið á önnina.

En ég held að aukning í tölvupósti sem við öll finnum hérna hafi með breytt námsmat að gera. Mikið meira en

fjarkennslan. Það er náttúrulega þannig að það er minnstur tölvupóstur og minnst vesen að hafa próf í lok annar. Þá bara ferðu með þína fyrirlestra og umræður og sama hvernig þú kennir en þú þarft ekki að útskýra námsmat. Það er alltaf töluverð vinna við að útskýra námsmat.

Aðspurð um það hvort þetta hefði verið gaman sagði Kristín:

Bara ágætt, enginn ofsalegur munur frá því sem er. Ég er ekki viss að ef ég myndi hugsa til baka einhvern tíma, æi já þetta var á undan eða eftir fjarnáminu.

Kristín og Dagbjört tala um mikla umsýslu varðandi skráningu nemenda og annað sem nemendaskrá og starfsfólk skrifstofu skorarinnar ættu að sjá um. Dagbjört segir að það hafi ekki bara verið meira vinnuálag í kennslunni sjálfri, mikill tími hafi farið í að sinna því sem stoðþjónusta ætti að gera: hjálpa nemendum að finna út úr því hvort þeir séu skráðir eða ekki og fleira í þeim dúr án þess að hafa fyrir því fulla vissu eða staðfestingu frá stoðdeild.

Við segjum þeim alltaf að hafa samband við nemendaskrá en þau spyrja okkur alltaf fyrst. Svo kemur einhver og við setjum hann bara inn í hópinn af því hann telur sig vera fjarnema þangað til þau fá hnöttinn sem á að segja að þau séu fjarnemar. Þótt þau séu ekki merkt þannig þá verðum við að trúa því. Þannig að það er svona alls konar vesen í kringum þetta sem er alveg að fara með mann.

Þetta kom einnig fram hjá Kristínu og Dagbjörtu í upphafi annarinnar. Guðrún, fulltrúi stoðþjónustunnar, vissi af þessu vandamáli eins og fram kemur í kaflanum um ákvarðanatökuna. Hún segir að á sameiginlega fundinum sem haldinn var að frumkvæði Kristínar (fjallað um í kaflanum um upphaf kennslu) hafi kennarar líka kvartað yfir því hve mikla þjónustu þeir þyrftu að veita fjarnemendum sem þeir hefðu ekki gert ráð fyrir. Hún hafi sjálf á þessum tíma ekki fengið mikið af fyrirspurnum frá fjarnemendum en vissi að þeir væru að hafa samband við kennara sína frekar en starfsfólk skrifstofu með margt sem þeim tilheyrði.

En til mín sem verkefnisstjóra kom ekki mikið af fyrirspurnum eða kvörtunum nema kannski frá fólki sem var að spyrja ég á heima í Hafnarfirði, má ég vera í fjarnámi og eitthvað svoleiðis.

Þetta vandamál hafi síðan aukist þegar leið á önnina og þegar að prófatímabili kom hafi sumir kennarar verið að sinna því sem þeir áttu engan veginn að koma nálægt varðandi skipulagningu á prófum úti á landsbyggðinni og fleira. Hún hafi reynt að láta vita að þetta væri ekki eðlilegur farvegur með því að ræða bæði við kennara og senda nemendum skeyti um þetta.

Það var einn kennari sem nemandi hafði svo mikil samskipti við. Þá sagði ég við hana á einhverjum tímapunkti þú ert bara komin í verk sem þú átt ekkert að vera í, þetta er okkar að sinna. En hún vildi bara einhvern veginn klára þetta þannig að kannski átti þetta ekki að vera en það eru samt ákveðin öryggisatriði sem gott fyrir kennara að vita á alla enda og kanta því nemendur nota þau og sérstaklega kennara sem eru alltaf að svara. Ég meira að segja benti kennurum á að framsenda póst á mig eða segja nemendum að þeir svöruðu bara tvisvar í viku milli tíu og ellefu, það er minn viðtalstími. En það er auðvitað hvers kennara að ákveða það.

Gunnar var almennt sáttur við framvindu kennslunnar. Hann sagðist ekki skilja andstöðu og hræðslu fólks gagnvart fjarkennslunni. Fólki fyndist þetta vera aukið álag og minnka mætingu nemenda. Hann liti á þetta sem viðbót sem opnaði möguleika. Hann sjálfur hefði ekki haft neinar fyrirframgefnar hugmyndir varðandi þetta og um miðbik annarinnar sagði hann þetta:

Ég hef heyrt að sumir hafi ennþá áhyggjur af þessu og tala um verri mætingar, tala um að þetta geti orðið til þess að þessi stúdenta kúltúr rýrni, að fólk komi ekki og hittist ekki. En ég hef ekki orðið var neitt af þessu. Það er góður mórall í hópnum sem ég kenni þannig að ég hef engar svona emperíur fyrir því að þetta sé svona neikvætt. Ég sé þetta ekki sem ógn heldur sé ég þetta sem möguleika sem virkar eða virkar ekki eftir aðstæðum.

Hann telur sig hafa lært það af þessu að það verði að gæta að kennsluháttum og passa að þetta upptökuform í tímum dragi kennara ekki aftur að fyrirlestrarforminu einvörðungu. Það sé hætta á því eins og kennslan var framkvæmd þessa önnina.

Maður vill nota þessa kennsluhætti, hafa símat og virka nemendur og meira að gerast í tímum og maður finnur að þetta dregur mann aftur í gamalt far ef maður er með einangraðan míkrofón. Maður hefur lært af því að kenna í nokkur ár að þetta er það sem maður vill ekki gera. Maður vill ekki standa upp við töflu og predika heldur hafa þessa interaction. Þetta heftir en það er líka tæknilegt atriði.

Þá telur hann að gæta þurfi þess að kennarar hafi val um aðferðir og frelsi til að nota ólíkar kennsluaðferðir. Það skili aldrei góðum árangri að stýra kennurum með því að skikka þá til að nota ákveðna tækni frekar en aðra. Það þurfi að þróa fjarkennslu áfram í samvinnu innan deildarinnar og þar með talda tæknilegu hliðina.

Hann sagði margt vera öðruvísi en hann hélt í upphafi og hlutir hafi komið fram sem hann átti ekki von á. Það eina sem honum fannst hamlandi eða erfitt var að geta ekki tekið almennilega upp samræður nemenda í tímum. Hann hafi verið bundinn af upptökum og það hafi gert tímuna heldur formfasta og komið niður á umræðum nemenda á staðnum. Þá lenti hann í vandræðum með umræður nemenda á vefnum og samskipti við fjarnema eins og fram kom hér að ofan. Hann gerir lítið úr þeim vandræðum og í lokin lítur hann ekki sérstaklega til þeirra en dregur af þessu þann lærdóm að námskeið séu misvel fallin til umræðna á vef og sama formið gildi ekki um þau öll.

Þau tala öll um það hversu lítil laun eru greidd fyrir kennsluna og eru sammála um að þetta sé mikil vinna fyrir lítil laun. Dagbjört sagði að þetta væri aukavinna fyrir þau fyrir engin laun.

Á þessu eina misseri rekur maður sig á mjög margt og ég er ekkert svo mjög ósátt við þetta, mér finnst bara að þetta er ekki í neinum kjarasamningum, þetta er bara aukavinna sem við erum að bæta á okkur en þetta reiknast ekki inn í launin á neinn hátt þótt þetta sé aukavinna fyrir okkur.

Hún talar einnig um styrkinn sem þau áttu að fá úr kennslumálasjóði en hafði ekki verið greiddur til þeirra í janúar. Hún segir einnig að hún geti ekki gert sér grein fyrir því hvernig hann verður reiknaður inn í vinnu þeirra miðað við vinnuframlag.

Við verðum að gera kröfu um að þetta verði reiknað í laun sem tímavinna, ekki einhver lítill styrkur. Við fengum xxx kr. styrk sem er ekki enn búið að úthluta. Örfáa aura á mann sem er ekki neitt á við vinnuna sem við erum búin að leggja í þetta.

Guðrún verkefnastjóri segir um þetta að það hafi alltaf eitthvað komið í veg fyrir að kennararnir fengju þetta greitt. Það telur hún líka vera eina af ástæðum þess að kennarar skorarinnar voru ekki jafn móttækilegir fyrir verkinu og hún ætlaðist til í upphafi.

Það var ákveðin hvatning að fá þennan styrk úr kennslumálasjóði en þau eru ekki ennþá búin að fá þá umbun inn á reikninginn sinn. Þetta var ofsalega lág upphæð sem kom og þetta endaði í einhverjum 20 þúsund kalli á haus. Það er enginn svo sem búinn að berja harkalega á mér til að klára það mál en það stendur upp á mig að reikna út hvort það er 15 þúsund og 700 eða 18 þúsund og 600 á haus, það hefur því miður ekki verið forgangsverkefni. Það er eitt að maður getur ekki hvatt þau áfram með því að þau séu að fá góða umbun.

Kennarar voru líka að mati Guðrúnar mjög mismunandi upplagðir fyrir þetta verkefni allan tímann og það hafi verið einkennandi fyrir kennsluna yfir önnina. Um það segir hún:

Kannski er þetta bara einmitt þannig að það er svo misjafnt hvernig fólk nálgast það að kenna. Ef þú ert að upplagi óskaplega samviskusamur kennari og alveg upp á punkt og prik með allt sem er auðvitað mjög gott að þá er þetta bara ógnvekjandi að fara í þennan nýja farveg. Ef þú ert kannski svona afslappaðri og svona tekur daginn bara og ert kannski líka spenntur fyrir nýjungum og áskorunum þá kannski er þetta bara spennandi. Svo getur þú líka kannski bara vera ligeglád kennari og kennir bara til að kenna. Það er eitthvað spektrúm þarna á milli allra.

Hún nefnir í þessu sambandi mikilvægi þess að kennarar fái betri leiðsögn í upphafi og að virkja eigi þjónustustofnanir á borð við Kennslumiðstöð meira í því hlutverki. Kennarar sem eru að hefja kennslu í fjarnámi eigi jafnvel að fá mentor eða leiðsögukennara með sér í lið fyrstu önnina.

5.3 Horft yfir farinn veg og framtíðarsýn

Að síðustu er kafli um framtíðarsýn á námið þar sem fjallað er um skoðanir kennara og verkefnastjóra á því sem koma skal. Horft er til árangurs, lærdóms og framtíðarsýnar. Viðtölin sem eru að baki greiningarinnar voru tekin 20. – 21. janúar 2009 við kennarana og verkefnisstjóra.

Skoðanir kennarana þriggja eru ekki samhljóða þegar þau horfa fram á veginn og velta fyrir sér framtíð þessa kennslufyrirkomulags í mannfræðiskor. Gunnar er bjartsýnastur og telur þetta vera jákvæða viðbót sem sé komin til að vera

Mér finnst það vera mjög jákvætt fyrir mannfræðina að geta haft þessa rödd eða þessa möguleika og hleypt fólkinu að námi hvort sem það er statt í Afríku eða annars staðar og fólk er oft að bæta við sig mannfræði af því það er að vinna að þróunarstarfi eða fær þennan áhuga. Það er oft eitthvað sem kemur seinna á ævinni hjá fólki.

Hann veltir því þó fyrir sér hvort rétt sé að bjóða upp á allt námið fyrir fjarnemendur þar sem það krefjist í eðli sínu mikillar nærveru nemenda í sumum tilfellum.

Dagbjört hefur áhyggjur af gæðum kennslunnar. Henni finnst ekki nægjanlegt að taka upp fyrirlestra og láta þá liggja á netinu fyrir nemendur án þess að vinna meira með efnið. Hún telur að þetta hafi tilhneigingu til að fara þannig, eins og hlutum sé nú háttáð. Hún segist sjá frekari möguleika en það þurfi meiri tíma til að virkja fjarnemendur og gera þetta sem best úr garði og horfir þar til samkennara sem hafi kennt í fjarnámi í KHÍ. Þar telur hún að um mun meiri gagnvirkni hafi verið að ræða sem þau þurfi að innleiða í mannfræðina.

Hún er sama sinnis og Gunnar varðandi það að mannfræðin sé í eðli sínu þannig fag að það krefjist mikilla umræðna og þátttöku. Hún lítur

svo á að þetta eigi að vera neyðarúrræði fyrir nemendur, ekki fyrsta val', þar sem það skipti svo miklu máli að mæta og taka þátt. Hún veltir einnig fyrir sér þeim möguleika að bjóða fjarnemendum aðgang að sumum námskeiðum en ekki í öllum þar sem hún telur eins og Gunnar að efni og uppbygging sumra námskeiða henti ekki fyrir fjarnema. Þar nefnir hún sérstaklega að í MA náminu er ekki gott að þetta sé eins og bréfaskóli því að það slaki á kröfum til nemenda og komi niður á gæðum námsins. Það sé verið að biðja um fyrsta flokks nemendur og þá verði að bjóða upp á fyrsta flokks kennslu. Hún vill að hugað verði betur að skipulagningu fyrir næstu önn og segist heyra það á samkennurum sínum að þeir séu almennt á því að hafa staðlotur og fá inn þá fjarnemendur sem geta. Þetta þurfi að koma strax fram í kennsluskrá fyrir annarbyrjun svo allir séu samstíga í því verki.

Kristín er sammála hinum tveimur varðandi það að það kennsluform að hafa fjarnemendur í staðnámskeiðum henti misjafnlega eftir námskeiðum en telur þó að það eigi við alls staðar, það reyni hins vegar á kennara að beita mismunandi aðferðum. Hún telur einnig að það sem koma skal í framtíðinni mótist meira af námskeiðum sem kennd eru í kjölfar þeirra fyrstu heldur en þeim sem kennd voru á haustönn.

Ég held í raun og veru að það hvernig námskeiðin ganga upp hjá okkur í vor hafi meiri áhrif á það hvað gerist í framtíðinni heldur en það sem gerðist í haust. Af því ég held að við séum öll aðeins búin að breyta. Við höfum rætt þetta mikið.

Hún sjálf hafi lært mikið ásamt samkennurum sínum og telji að skipulagning námskeiða eigi eftir að breytast á komandi önnum þegar fjarnemar eru í námskeiðum. Í þessu sambandi nefnir hún námsmat sérstaklega.

Já, ég held að við séum öll að breyta. Við lögðum af stað, eða ég lagði af stað í haust með ákveðið kæruleysi fyrir því (kennslufyrirkomulaginu). Ákveðið meðvituð um að láta það ekki trufla mig og vera ekkert of upptekin af því og líka þessi aðskilnaður fjarnema og staðnema að vera bara ekkert of upptekin af því að aðskilja þessa hópa og kenna sama prógrammið fyrir þá. Nú kann ég ekkert um þetta. En ég held að það sem breytist sé námsmatið, það er það sem

breytist mest. Og ég held að við ætlum að fylgjast með tilraun um að láta nemendur ræða saman á netinu, leysa verkefni á netinu og allt það.

Guðrún verkefnisstjóri er hóflega bjartsýn á framtíð verkefnisins. Hún telur að of bratt hafi verið af stað farið með að bjóða bæði grunn- og framhaldsnám í einu í fjarnámi þótt í upphafi hafi það verið metnaðarfull ákvörðun.

Ég veit ekki einu sinni hvort ég myndi sjálf hvetja menn til að taka alveg svona djúpu laugina eins og mannfræðin gerði að setja bæði grunnnámið og framhaldsnámið í einum pakka í fjarnám.

Hún verður nú vör við að kennarar eru að guggna á þessu og reynir það sem í hennar valdi stendur til að hvetja fólk áfram.

En þau voru á tímabili í vetur að nefna það að breyta, hætta við og svoleiðis. Ég reyndi að tala í þau kjarkinn og benda þeim á að þau væru búin að fjárfesta að vissu leyti í sinni eigin þekkingu og færni í kringum þetta og koma fólki af stað í þriggja ára vinnu og nám svo það væri frekar neikvætt fyrir námsgreinina að hætta við þetta núna.

Hún segir að það sé erfitt að koma upp fjarnámsmenningu innan Háskóla Íslands í heild sinni og það sé lítil sem engin hvatning frá skólans hálfu við verkið. Þá nefnir hún einnig að eins jákvætt og það sé fyrir greinarnar tvær, mannfræði og þjóðfræði, að bjóða uppá fjarnám skili það sér ekki sem skyldi út í háskólasamfélagið. Það væri gott fyrir aðra kennara að sjá þetta.

Auðvitað komum því alltaf á framfæri þegar við kynnum þessar greinar mannfræði og þjóðfræði með fjarnámið. Það er auðvitað plús fyrir þessar greinar en kennararnir í hinum greinunum verða kannski ekki vitni að því þegar við erum að kynna þetta og að það virkar jákvætt fyrir nemendur okkar.

Guðrún telur þrátt fyrir þetta að fjarnámið sé komið til að vera. Þegar viðtalið er tekið við hana nefnir hún að búið sé að halda skipulagsfundi

fyrir nýja önn þar sem farið var yfir það sem betur mætti fara í ljósi reynslu fyrri annar og í kjölfarið búið að skipuleggja staðlotur og koma þeim fyrir í námskrá, yfirfara tæknimálin og skipuleggja samskipti við nemendur betur.

Mig langar að enda þetta á orðum Kristínar þegar hún var spurð í kerskni eftir að síðasta viðtalinu lauk hvort þetta hafi verið gaman:

Bara ágætt, enginn ofsalegur munur frá því sem er. Ég er ekki viss að ef ég myndi hugsa til baka einhvern tíma myndi ég segja, æi já þetta var á undan eða eftir fjarnáminu.

6 Samantekt á niðurstöðum

Ég mun hér taka saman helstu atriðin sem komu fram í máli kennaranna þriggja með rannsóknarspurningarnar í huga (sjá kafla 2.4. Rannsóknarspurningar og markmið rannsóknar). Til fá sem skýrasta mynd er þessum kafla skipt upp í umfjöllun um ákvörðunina, stuðning við kennara, hvernig þeir nýttu upplýsingatæknina, samskipti þeirra við nemendur, líðan þeirra á meðan á þessu stóð og hugmyndir þeirra um framtíð fjarkennslunnar.

6.1 Ákvörðunin

Í þessari umfjöllun er Guðrún fulltrúi mannfræðiskorar þar sem hún var starfandi verkefnastjóri við skorina á þessum tíma. Hún átti þátt í að taka ákvörðunina og fylgdi verkefninu eftir. Ég tel, eins og áður hefur komið fram, að viðtölin við hana varpi ljósi á hvernig ákvörðunin var tekin innan stofnunarinnar (mannfræðiskorar) og þátttöku kennara í þeirri ákvörðun og svari rannsóknarspurningunni um hvaða kennslufræði- og tæknilega stuðning stofnunarinnar veitti kennurum.

Í máli Guðrúnar kemur fram að ákvörðunin um að bjóða upp á námið í fjarnámi hafi sprottið úr umræðunni meðal kennara sjálfra og þeir tekið að lokum sameiginlega ákvörðun um slíkt. Ástæðan hafi verið þörf fyrir að gera eitthvað fyrir greinina og fá inn fleiri nemendur auk þess sem horft var til stefnu háskólans til 2011 um eflingu fjarnáms. Fyrirmyndin var kennslufyrirkomulagið í þjóðfræðinni og þær aðferðir sem þeir notuðu þar við að kenna fjarnemendum (sjá kafla 2.2.1. Upphaf fjarkennslu við mannfræðiskor).

Guðrún segir að skiptar skoðanir hafi verið meðal kennara og sumir þeirra haft áhyggjur af „praktískum“ hlutum í kennslunni, s.s. auknu vinnuálagi, lakari mætingu staðnemenda, notkun á tækninni, samskiptum við fjarnemendur og fleiru í þeim dúr. Af skorarinnar hálfu var ekki um mikinn undirbúning að ræða til að koma til móts við þessar áhyggjur eða aðstoða kennara við að hleypa þessu af stokkunum. Tveir fundir voru haldnir, einn með starfsfólki Kennslumiðstöðvar til að ræða fyrirkomulag kennslunnar og annar með tæknimanni þar sem hann fór yfir og kenndi á upptökubúnað Uglunnar. Starfsfólk stöðþjónustunnar vissi af áhyggjum kennara en lítið sem ekkert var gert til að koma til móts við þá. Í því

sambandi ber Guðrún við önnur og öðrum störfum sem alltaf hafi komið í veg fyrir að unnið hafi verið að þessum hlutum.

Guðrún var bjartsýn í upphafi og taldi kennara hafa tekið stórhuga ákvörðun sem þau ættu að vera stolt af. Hún taldi m.a. að það sem myndi hvetja þau áfram væri styrkur sem mannfræðinni var veittur úr kennslumálasjóði þeirra og taldi að það væri til marks um viðurkenningu háskólasamfélagsins á verkefninu og um leið umbun fyrir kennarana.

Það sem kemur fram í orðum Guðrúnar um ákvarðanatökuna stangast að mörgu leyti á við það sem kennarar segja í sínum viðtölum. Gunnar er sá eini sem tók beinan þátt í að taka ákvörðunina, Kristín vissi að þetta var í deiglu og var sátt við þetta og sá í þessu tækifæri til að efla mannfræðinámið en Dagbjört frétti af þessu þegar hún kom til vinnu að nýju úr rannsóknarleyfi. Hún er sú þeirra sem er ósátt við hvernig að þessu var staðið.

Þau eru öll samála um að lítið sem ekkert hafi verið gert til að styðja þau af stað en eru ekki sammála um mikilvægi þess að gera svo. Dagbjörtu fannst að meira hefði mátt gera og veit ekki hvernig hún á að snúa sér í þessum efnum en Gunnar og Kristín telja að þau muni læra á þetta og finna út úr kennsluháttum um leið og tíminn líði. Gunnar er ánægður með fundinn þar sem tæknimaður fór yfir málin með þeim en telur þó að þar hafi meira verið lagt upp úr því að kenna á tæknina sjálfa heldur en kynna fyrir þeim möguleika hennar til kennslu.

Af hálfu mannfræðinnar var engin stefna varðandi framkvæmd og skipulag kennslunnar. Kennarar höfðu frjálssar hendur þegar kom að kennslufræðilega þættinum og var á valdi hvers og eins að skipuleggja sína kennslu. Þegar af stað var farið hafi ekkert þeirra leitt hugann mikið að því hvernig þau ætluðu að haga kennslunni heldur lítið svo á að þau myndu leysa málin um leið og fram yndi.

6.2 Kennslan og notkun upplýsingatækni

Ein af rannsóknarspurningunum er hvernig kennarar nýttu sér upplýsingatækni í kennslunni og er fjallað um það í þessum kafla auk þess að fjalla um atriði varðandi kennsluna sjálfa. Ég greini notkun kennarana á upplýsingatækninni út frá módeli Betty Collis (2005) og leitast við að sjá hvar hindranir eða hvatning til notkunar tækninnar liggja út frá því.

Eins og áður hefur komið fram var ekki nein stefnumörkun af hálfu mannfræðiskorar um kennsluhætti þegar kom að fjarkennslunni.

Kennarar skipulögðu hver fyrir sig og réðu á allan hátt hvaða form var á kennslunni. Þau höfðu ekki mikið samráð innan skólarinnar en Dagbjört og Kristín ræddu þó töluvert saman um kennsluna; hvaða hátt þær ætluðu að hafa á hlutum eins og aðgang að fyrirlestrum og skipulagi umræðna. Kristín stóð fyrir sameiginlegum fundi fjarkennara um miðjan september þar sem farið var yfir málin.

Ekkert þeirra hafði breytt kennsluáætlunum sínum eða kennslulýsingum þegar kennslan hófst. Þau voru með óbreytt markmið og námsefni en Kristín fór að huga að breyttu námsmati þegar leið á önnina.

Þau voru ekki með skipulagðar staðlotur eða fjarfundi í sínum námskeiðum og höfðu ekki leitt hugann að slíku. Þau nefndu mismunandi ástæður fyrir því að sleppa því. Gunnar taldi ekki ástæðu til að kalla fólk saman þegar hann þekkti ekki til aðstæðna þeirra, Dagbjört sagðist ekki kunna á formið og ekki átta sig á fyrirkomulaginu og Kristín sagðist ekki sjá tilgang með staðlotu þegar nemendur hennar væru út um allan heim. Þegar leið á önnina sáu þau öll tilgang með slíkum samkomum og í lok annar ætluðu þau ásamt öllum öðrum kennurum skólarinnar að hafa slíkt í skipulagi komandi annar. Þetta var sett í námskeiðslýsingu allra námskeiða í kjölfarið.

Aðgangur að fyrirlestrum fyrir nemendahópna kom upp í umræðunni hjá þeim þegar kennslan var hafin. Dagbjört hafði áhyggjur af því að með því að hafa þá opna fyrir bæði fjar -og staðnema myndi það koma niður á mætingu nemenda. Hin tvö hafa ekki áhyggjur af því atriði. Gunnar hafði fyrirlestrana aðgengilega fyrir alla frá upphafi og taldi það verða til þess að mæting batnaði hjá sér og leit á þetta sem tækifæri til að nýta tíma í annað en einungis fyrirlestra. Þegar leið á önnina opnaði Dagbjört fyrirlestra sína fyrir alla þar sem hún fékk ábendingu um það frá nemendum að verið væri að mismuna þeim. Kristín fór eins að þegar á leið og var ánægð með að allir gætu hlustað á fyrirlestrana á netinu. Ekkert þeirra gerði neinar mælingar á mætingu staðnema þrátt fyrir umræðu um að opinn aðgangur fyrir alla að fyrirlestrum kæmi niður á mætingu.

Þau eru ekki hrædd við tæknina og ekkert þeirra nefnir hana sem eitthvað sem hamli en hins vegar hafa þau ekki velt sérstaklega fyrir sér möguleikum hennar til miðlunar efnis á annan hátt en þann að taka upp fyrirlestra í staðnáminu og koma þeim á vefinn og hafa umræður á umræðuþráðum. Gunnar talaði um að ástæðan gæti verið að á fundi með tæknimanni var meira lagt upp úr því að kenna þeim á tæknina en

möguleika í kennslu. Kristín lendir í tæknilegum töfum við upptökur og vandræðum í kjölfarið sem hún finnur sjálf út úr á endanum. Dagbjört lítur á þetta sem áskorun og finnst að mörgu leyti gaman að fást við tæknimálin en nefnir að það sé óþægilegt að verða rafhlöðulaus í miðjum fyrirlestri. Að taka upp tímana finnst þeim oft vera þvingandi og hamla umræðum í tímum. Gunnar telur að það verði að hafa meiri tæknibúnað til að taka allt upp sem fer fram í tímunum, ekki bara það sem kennarinn segir. Kristínu og Gunnari finnst þau verða formlegri og fyrirlestrarnir verði í fastara formi en ella þegar upptaka er í gangi.

Þegar leið á önnina töluðu þau öll um að þau vildu gjarnan nota möguleika tækninnar meira til kennslu og kynna sér leiðir til þess. Í lok annarinnar ætla þau að nýta sér hana meira til kennslu og samskipta í framtíðinni en þau gerðu í upphafi.

Þegar þessi reynsla þeirra er dregin saman má segja að kennarnir þrír noti ekki möguleika upplýsingatækninnar mikið. Þau nota ekki önnur tól til miðlunar og gagnvirkni en þau sem fyrir eru á kennsluvef Uglunnar. Þau taka upp fyrirlestra, nota tilkynningasvæði og umræðuþræði á kennsluvef í þeim námskeiðum sem kennd eru. Ekki er um að ræða neina fjarfundi í gegnum fjarfundabúnað, netfundi, notkun á rafrænu verkefnaskilakerfi eða spjall á netinu sem geri fjarnemum kleift að hafa samband sín á milli og við kennara.

Hægt er að greina notkun þeirra á upplýsingatækninni út frá módeli Betty Collis (2005). Þar telur hún að fjórir þættir ráði því hvernig kennari noti upplýsingatækni í kennslu (sjá kafla 4.6. Greining gagna). Þessir þættir eru 1) umhverfisþáttur sem samanstendur af þremur undirþáttum eða áhrifavöldum; stofnanalegum, félagslegum og tæknilegum áhrifum, 2) árangri af notkun tækninnar, 3) hve aðgengilegt tækið er og 4) trú kennara á notkun tækninnar.

Niðurstöður mínar leiða í ljós að það er fyrst og fremst umhverfisþátturinn sem veldur því að kennarar nýta ekki tæknina meira og er hindrunin samkvæmt Collis (2005). Það er ekki gert mikið í því af hálfu stofnunarinnar að kynna möguleika tækninnar fyrir þeim og kenna þeim á önnur tól en þau sem þegar eru þekkt úr staðkennslunni. Bakland þeirra er ekki sterkt í notkun tækni þar sem allir kennarar skorarinnar eru í sömu stöðu og því er ekki um það að ræða að þau kenni hvert öðru svo einhverju nemi. Það er ekki í menningu skorarinnar að fjarkenna sem segir að stofnanaleg áhrif eru ekki sterk. Stofnunin horfir til

Þjóðfræðinnar þar sem hefð er komin á fjarkennslu og aðferðum sem þar eru notaðar er beitt í mannfræðinni (sjá kafla 2.3. Upphaf fjarkennslu við mannfræðiskor). Það er ekki leitað til fagfólks (Kennslumiðstöðvar) að neinu marki til að styðja kennara í að nýta fleiri töl en upptökur og umræðuþræði eða hjálpa þeim við að skipuleggja námið með fjarnám í huga þar sem þau geti nálgast nemendur á margvíslegan hátt í gegnum netfundi, fjarfundi, eða önnur gagnvirk samskiptatæki á neti.

Aðgangur þeirra að tækninni er nokkuð góður og hefði verið hægt að nýta hana betur þess vegna. Það er því ekki hægt að telja að það hefði átt að vera hamlandi samkvæmt þriðja þættinum í módeli Collis (2005). Í því sambandi má benda á það að á þessum tíma er starfsfólk Kennslumiðstöðvar að hvetja kennara til að nota opinn hugbúnað, s.s. rafrænar námsdagbækur, alfræðisíður (e. wiki), spjallþræði, rafræn próf (e. quiz) og fleira til að gera kennsluna fjölbreytilegri hvort sem um hreint staðnám er að ræða eða námskeið með fjarnemendum. Því er ekki hægt að segja að tæknin hafi ekki verið til staðar innan stofnunarinnar. Hins vegar þurfti að koma upplýsingum um hana til kennara og hvetja þá til dáða. Á þessum tíma voru tveir tæknimenn að störfum sem sinntu kennurum tæknilega eins og fjármagn og tími leyfði. Þá lentu kennarar ekki í miklum tæknilegum varndræðum fyrir utan hnökra á upptökum sem þau oftast leystu sjálf eða með hjálp tæknimanns og hvers annars.

Viðmælendur mínir sjá þegar á líður þá möguleika sem þeir gætu nýtt sér og vilja gera betur í því að miðla efni sínu til fjarnema og hafa meiri virkni meðal þeirra. Því má segja að þeir fari að trúa á tæknina og sjá möguleika á nýtingu hennar eftir frekar stormasama byrjun þar sem þau eru ekki öll á eitt sátt samkvæmt lið 2 í módeli Collis (2005).

Samkvæmt módelinu er því hindrunin að stórum hluta stofnanalegu áhrifin sem er einn þáttur umhverfisþáttarins í módelinu þar sem möguleikar tækninnar eru ekki kynntir sem skyldi. Þá eru það einnig félags- og tæknileg áhrif þar sem stuðningur við kennara var lítill og ekkert gert í því að byggja upp fjarnámsmenningu í kringum verkefnið.

6.3 Samskipti við nemendur

Enginn kennarana sagðist í upphafi kennslunnar hafa gert ráðstafanir til þess að nálgast fjarnemendur sérstaklega eða velta fyrir sér hvernig þau ætluðu að haga umræðum á netinu. Þegar á leið fóru Kristín og Dagbjört þó að gera það. Þær sáu fljótlega, eða í fyrstu

viðtölum í byrjun september, að það þyrfti að nálgast nemendur á ólíkan hátt og skipuleggja umræður á vefnum á mismunandi hátt eftir því hvort um námskeið á BA eða MA stigi væri að ræða. Eðli MA námskeiðanna kallaði á ólíkar aðferðir og því ætlaði Kristín að vera með umræður á umræðuvef opnar bæði fyrir staðnema og fjarnema. Dagbjörtu fannst á hinn bóginn betra og skilvirkara að hafa fjar- og staðnema aðskilda í umræðum í sínu námskeiði þar sem hún taldi að fjarnemar ættu að hafa sinn vettvang útaf fyrir sig. Í BA námskeiðinu er Kristín með umræður opnar fyrir alla til að byrja með á meðan nemendur eru að kynnast en ætlar að loka þeim síðar á námskeiðinu svo fjarnemendur hafi sinn vettvang líkt og Dagbjört talar um.

Þessar vangaveltur þeirra sýna að þær eru báðar búnar að velta þessu mikið fyrir sér og leita leiða sem koma sem best út fyrir nemendur. Dagbjört gerir það án þess að gera sér grein fyrir hversu mikla vinnu hún er búin að leggja í þetta og finnst oft sem hún sé ekki að gera nóg og er frekar óörugg á meðan Kristín gerir þetta meira á yfirvegaðan hátt.

Gunnar ætlaði í upphafi ekki að vera með neinar umræður fyrir fjarnemendur í BA námskeiðinu þar sem nemendur væru bara tveir. Þegar á leið á fór hann að hafa áhyggjur af því að hann sinnti þeim ekki sem skyldi en sannfærðist um að allt væri í lagi þegar hann fékk frá þeim góð verkefni sem gáfu verkefnum staðnema ekkert eftir. Hann setti upp umræðuþráð fyrir fjarnema í MA námskeiðinu en fékk þau ekki til að taka þátt eins og til var ætlast. Hann taldi skýringuna liggja í því að eðli námskeiðsins byði ekki upp á umræður á vef heldur kallaði það á þátttöku nemenda. Fjarnemendur sætu ekki við sama borð og staðnemendur í þátttöku.

Líkt og með tæknimálin komast þau öll að þeirri niðurstöðu þegar líður á önnina að þau hafi lært mikið á því að finna leiðir í umræðum um leið og kennslunni vindur fram og hafi fundið aðferðir sem henti í áframhaldandi kennslu.

Kristínu og Dagbjörtu finnst mikill tími fara í að svara tölvupósti með erindum nemenda sem snúa að stoðþjónustunni. Dagbjörtu finnst það ganga svo langt að vera nær kvöð, sérstaklega í upphafi annar. Guðrún verkefnisstjóri er meðvituð um það vandamál og sagði að skilaboð skorarinnar yrðu að vera skýrari í framtíðinni varðandi skráningar og annað sem viðkæmi umsýslu nemenda.

6.4 Líðan kennara

Til að svara rannsóknarspurningunum tveimur varðandi það hver upplifun háskólakennara sé á því að kenna í breyttu vinnuumhverfi þar sem þeir þurfa að fjarkenna og nota upplýsingatækni og hvaða erfiðleika þeir glími við og hvað auðveldi þeim að yfirstíga hindranir fjalla ég hér um líðan kennara sérstaklega. Þar á eftir kemur kafli um framtíðarvangaveltur þeirra sem ég tel að skýri einnig ýmislegt sem að gagni kemur þegar þessum spurningum er svarað.

Tilfinning og upplifun kennaranna á því að hafa fjarnemendur í námskeiðum sínum er mjög ólík. Í byrjun eru þau Kristín og Gunnar frekar jákvæð og afslöppuð gagnvart verkefninu og líta svo á að þau muni læra á þetta um leið og kennslan heldur áfram. Dagbjört er ekki eins jákvæð í byrjun. Henni finnst ekki vel að þessu staðið og finnst að henni hafi verið kastað út í djúpu laugina. Dagbjörtu finnst vinnuálagið hafa aukist mikið og þá sérstaklega í formi þess að svara tölvupósti frá fjarnemendum og sinna þeim sérstaklega.

Þau tala öll um að þau hafi lært mikið á önninni varðandi alla þætti kennslunnar. Þau leggja af stað án þess að vera búin að ígrunda þetta mikið og láta hverjum degi nægja sína þjáningu ef svo má segja. Gunnar lendir í vandræðum um miðja önn með umræður fjarnemanna og í lokin er hann ákveðinn í hvernig hann ætli að vinna með það atriði áfram á næstu önn. Dagbjört fæst við hlutina um leið og þeir koma upp og oft í samráði við nemendur sína. Hún og Kristín segja að þær hafi látið nemendur finna að þær væru að gera þetta í fyrsta sinn, það væru allir að læra.

Öll finna þau fyrir meira vinnuálagi en gera mismikið úr þeim þætti. Dagbjörtu finnst þetta vera mikil viðbót og ekki launað sem skyldi. Hún talar um mikið vinnuálag, mest í formi tölvupósta frá nemendum og annars utanumhalds, án þess að komið sé til móts við þau með einhverri umbun. Kristín segir að hún hafi frá upphafi gert ráð fyrir meiri vinnu þar sem um meira utanumhald væri að ræða en ef hún væri eingöngu að kenna staðnemunum.

Launabátturinn er atriði sem þau nefna öll og telja að það þurfi að greiða betur fyrir vinnuna. Gunnar talar um að ef þau ættu að gera þetta vel þyrfti að reikna með um 30% meiri vinnu og greiða fyrir hana sérstaklega. Í lok annar fengu þau ekki greiddan út styrkinn sem þeim var úthlutaður úr kennslumálasjóði. Dagbjört telur það ekki gott og bera vott um að þau séu ekki að fá þá umbun sem þau ættu að skilið að fá. Guðrún,

verkefnisstjóri tekur undir þessi orð hennar og segir að það sé slæmt að þau hafi ekki fengið þessa greiðslu sem átti að vera til að hvetja þau áfram. Það hafi alltaf farist fyrir að greiða þeim, auk þess sem þetta væri orðin svo lág upphæð á mann þegar búið væri að deila styrknum niður að það væri hálfskammarlegt þegar upp væri staðið.

Í lokin eru þau nokkuð sátt og það er töluvert annað hljóð í þeim en í byrjun. Mest ber á orðum þeirra varðandi þætti sem þau ætla að gera öðruvísi næst. Gunnar sér margt sem hann hefði getað gert betur, Kristín er jákvæð og telur að þetta hafi kennt þeim margt varðandi skipulagningu sem þurfi að vera sameiginleg og Dagbjört er jákvæðari en í byrjun. Hún telur sig hafa gengið í gegnum mikinn skóla sem skili sér fyrir hana ánæstu önnum.

6.5 Framtíðin

Viðmælendur mínir eru ekki sammála þegar kemur að því að meta framtíð fjarnámsins. Þau telja öll að þetta sé komið til að vera, þó þurfi að vanda til áframhaldandi vinnu og skipulagningar.

Þau eru ósammála um hvort bjóða eigi upp á fjarnám bæði á BA og MA stigi. Dagbjört og Gunnar telja að það henti ekki að kenna þetta í öllum námskeiðum. Mannfræðinám sé þess eðlis að í sumum tilfellum krefjist það nærveru og þátttöku nemenda á staðnum. Kristín hins vegar telur að þetta eigi heima alls staðar en það sé munur á því hvernig eigi að skipuleggja námið eftir námskeiðum. Dagbjört telur staðnámsformið vera betri kost og æskilegra fyrir nemendur að velja það frekar en fjarnám þar sem kennslan hafi tilhneigingu til að vera í bréfaskólaformi. Það þurfi að breyta miklu í notkun upplýsingatækni í þeim tilgangi að miðla til nemenda.

Guðrún verkefnisstjóri dregur þann lærdóm af önninni að of bratt hafi verið farið af stað í upphafi. Hún hafi fundið fyrir því að kennarar væru þreyttir og hálfbugaðir um miðbik annarinnar. Það væri erfitt að koma upp fjarnámsmenningu innan Háskóla Íslands og hvatning af skólans hálfu væri lítil sem engin. Áhrif fjarnámsins væru hins vegar mjög jákvæð fyrir skorimar tvær, mannfræði og þjóðfræði, þeim skilaboðum þyrfti að koma skýrar til kennara.

Þau eru þó öll sammála um að mikinn lærdóm megi draga af þessari fyrstu önn í fjarkennslu. Þau hafi gengið í gegnum miklar breytingar og lært mikið af því að fást við þetta. Þau ætla öll að horfa til þeirra mistaka sem þau gerðu við skipulagningu næstu annar. Guðrún segir í janúar að

Það hafi verið haldnir skipulagsfundir þar sem horft var til þess sem betur mætti fara í ljósi reynslunnar og m.a. var afrakstur þeirra funda að allir kennarar verði með staðlotur eða fjarfundi í námskeiðum sínum.

7 Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að kanna og greina hvernig háskólakennarar takast á við kennslu þegar þeir kenna í fyrsta sinn í fjarnámi námskeið sem þeir hafa kennt í staðnámi áður. Þar má telja upplifun þeirra á því, hindranir sem þeir þurftu að glíma við og hvað auðveldaði þeim þá glímu. Athuguð var notkun þeirra á upplýsingatækni, hvaða þátt stofnunin tók í verkefninu með kennslufræði- og tæknilegum stuðningi við kennara. Hér mun ég draga saman niðurstöður með þessar rannsóknarspurningar að leiðarljósi.

7.1 Hindranir

Ákveðið var með mjög skömmum fyrirvara að bjóða upp á fjarnám í mannfræði vorið 2008 og kennsla hefst þá um haustið án þess að lögð hafi verið vinna í stefnumótun varðandi aðferðir og leiðir. Horft var til þjóðfræði og ætlast til að aðferðir sem þar voru notaðar yrðu teknar upp (sjá kafla 2.3 Upphaf kennslu í mannfræðiskor) án þess að halda sérstök námskeið eða fylgja kennurum eftir með fræðslu og þjálfun fyrir utan tvo fundi, einn með starfsfólki Kennslumiðstöðvar og einn með tæknimanni. Samkvæmt Newton (2003) er vinna sem lögð er í stefnumótun og áætlanagerð mjög mikilvæg fyrir árangur í fjarkennslu í háskólum. Þar hafa hefðbundin akademísk vinnubrögð verið við lýði í námskeiðum og þegar kallað er á ný vinnubrögð þar sem notkun á upplýsingatækni er krafist þurfa góðar kennslufræðilegar og tæknilegar áætlanir að liggja fyrir (Newton, 2003).

Í viðtölum mínum kemur fram að kennararnir ætluðu allir að kenna námskeið sín, sem þeir höfðu kennt í staðnámi í mörg ár, óbreytt þó að fjarnemar væru skráðir í námskeiðin. Ekkert þeirra hafði í upphafi leitt hugann sérstaklega að því hvernig þau ætluðu að nálgast fjarnemana heldur finna leiðir til þess um leið og námskeiðunum yndi áfram. Að taka námskeið óbreytt og laga þau að fjarnámi krefst annars konar undirbúnings en í staðnámskeiðum, sér í lagi þegar kennarar takast á við þetta í fyrsta sinn líkt og viðmælendur mínir stóðu frammi fyrir. Þetta er þeirra leið til að fást við nýja hluti þar sem þeir eru smeykir við þær breytingar sem fyrirliggjandi eru (Maguire, 2005). Eitt af því sem hægt er að gera til að koma til móts við kennara, og gefur góða raun, er að mentor fylgi þeim í gegnum undirbúningsferlið og leiðbeini þeim með það sem

þarf að hafa í huga varðandi skipulagningu og framkvæmd kennslunnar (O'Quinn og Corry, 2002).

Stuðningur deildar og sterkt bakland skiptir kennara miklu máli. Newton (2003) telur að yfirleitt sé skilningur á því af hálfu deildar innan háskóla að stuðningur við kennara verði að koma frá deildum en minna sé um að því sé fylgt eftir. Deildir verði síðan að fá stuðning frá háskólanum sjálfum og því sé nauðsynlegt að þar sé fyrir sterk fjarnámsmenning sem ekki var til staðar innan Háskóla Íslands á þessum tíma (sjá kafla 2.2. Fjarkennsla í Háskóla Íslands). Þar sé hugað að fjármagni, tíma og stuðningi við þá sem standa að náminu (Newton, 2003) og að háskólar viðurkenni umfang fjarkennslu miðað við staðkennslu, hvetji kennara með tilliti til framgöngu, stöðuhækkana og launagreiðslna (Maguire, 2005; Mupinga og Maughan, 2008; Newton, 2003).

Það má segja að vilji til að standa vel að málum og styðja við kennara sé til staðar innan mannfræðiskorar þar sem það kemur fram í fundargerðum mannfræðiskorar, bæði með föstum kennurum og stundakennurum. Þar eru bókanir á þá leið að huga þurfi að tæknimálum, móta stefnu og gæta að tímasókn staðnema (Mannfræðiskor, 2008). Af orðum verkefnisstjóra má sjá að hún var meðvituð um að skorin ætti að sinna þessu og að undirbúningur væri ekki nægjanlegur. Meðal annars sá hún það sem möguleika að kennarar hefðu mentor sem aðstoðaði þá við undirbúning og framkvæmd kennslu í byrjun. Því var hins vegar ekki fylgt eftir og allur kennslufræði- og tæknilegur undirbúningur og stuðningur var lítill af hálfu skórarinnar. Má segja að minna hafi orðið úr en vilji var til.

Þátttaka stofununarinnar er því ekki mikil þegar kemur að undirbúningi fjarkennslu og aðstoð við kennara. Svo virðist sem nokkuð blint hafi verið rennt í sjóinn með alla framkvæmd, undirbúningur ekki nægur og verkin unnin á síðustu stundu eða eftir því sem tíminn leið ef svo má segja. Það er flókið mál að nýta upplýsingatækni til að kenna og nema í fjarnámi og margir þættir sem þar fléttast saman og stýra því hver útkoman verður. Undirbúningur varðandi kennsluhætti og notkun á upplýsingatækni strax í upphafi er einn af stærstu þáttunum sem horfa þarf til þegar til stendur að breyta kennslu og innleiða fjarnám. Sérstaklega í ljósi þess að verið er að hrófla við gamalgrónum vinnuhæfðum og oft erfitt fyrir kennara að samsama sig slíkum breytingum (Newton, 2003). Þá má líta til þess að hér var um að ræða

miklar breytingar innan stofnunar þar sem mikil sterk hefð var fyrir eða „Strong Culture“ eins og Evans (2001) kallar það (sjá kafla 3.1. um ákvarðanatöku í háskólum). Þar ríkja vissar hugmyndir, gildi og venjur sem leiða þá vinnu sem unnin er af hendi innan stofnunarinnar (Hargreaves, 2000). Ekki var nægjanlega mikið samráð haft við starfsfólk varðandi innleiðinguna og framkvæmd eins og nauðsynlegt er þegar ráðist er í jafn stórt verkefni og fjarkennslu í heilu fagi. Kennarar fengu það ekki sterkt á tilfinninguna að þeir hefðu átt þátt í ákvörðunarferlinu og undirbúningi eins og mikilvægt er í verkefni sem þessu (Fullan, 1993).

Lítill kennslufræðilegur stuðningur er einn af þeim þáttum sem sérstaklega hamlar fjarkennslu samkvæmt Newton (2003). Rannsóknir sýni að í þeim háskólum sem sinna þessum þætti vel sé merkjanlegt hversu miklu árangursríkari kennsla fjarkennara verður og er jafnvel mikilvægari en tæknilegur stuðningur þegar upp er staðið. Ef kennslufræðiþekking er ekki nægjanleg gera kennarar sér oft á tíðum ekki grein fyrir því hvernig kennsluáðferðum þeir eiga að beita um leið og þeir nota tæknina (Newton, 2003). Viðmælendur mínir tóku námskeið sín nær óbreytt og kenndu þau án þess að undirbúa þau sérstaklega með fjarkennslu í huga. Það má leiða líkum að því að ef þau hefðu fengið meiri fræðslu og stuðning í upphafi hefði það sparað þeim vinnu þegar leið á önnina

og þau fóru að glíma við ýmislegt sem upp kom varðandi samskipti við nemendur, aðgang að fyrirlestrum, fyrirkomulag námsmats og fleira. Þá má benda á að enginn viðmælandi í rannsókninni leiddi hugann að því að skapa sérstakt námsumhverfi á vef fyrir fjarnemendur sína líkt og nauðsynlegt er samkvæmt Holmberg (2003), Salmon (2003), Garrison og Anderson (2005) og Archer og Garrison (2007) þar sem hugað er að félagslegum þáttum og persónuleg samskipti nemenda sín á milli og við kennara eru í öndvegi (sjá kafla 3.2. Námssamfélag).

Líkt og sá kennslufræðilegi var tæknilegur stuðningur lítill sem enginn. Það kemur skýrt í ljós þegar niðurstöður eru skoðaðar út frá módeli Betty Collis (2005) og kemur fram í kafla 6.2 um kennslu og notkun upplýsingatækni. Maguire (2005) segir að vöntun á slíkum stuðningi sé ávísun á óöryggi kennara í fjarkennslu þar sem þeir verði að hafa góða þekkingu á notkun upplýsingatækni til að kennslan verði sem árangursríkust (Maguire, 2005). Þetta var ekki tilfellið hjá viðmælendum mínum þar sem þeir voru allir tilbúnir til að takast á við tæknilegu hlið

kennslunnar og settu það ekki fyrir sig að nota upptökuforrit og umræðuþræði á kennsluvef Uglunnar. Það hefði að ósekju mátt leggjast vinnu í að kynna möguleika tækninnar fyrir þeim af meiri krafti en gert var. Einn viðmælandinn orðar það svo að það hefði verið betra fyrir sig ef það hefði ekki bara verið kennt á grunnatriði sem dugðu þeim til að taka upp fyrirlestra heldur líka kynntir fyrir þeim möguleikar á nýtingu tækninnar í kennslu. Jón Jónasson (2001) segir að tæknileg aðstoð þar sem kennaranum er bent á þær leiðir sem færar eru til notkunar á tækninni og hvað henti best til þeirrar kennslu sé nauðsynleg ef kennslan eigi að vera góð (Jón Jónasson, 2001). Þetta finnst mér vera mikilvægt atriði ekki síst í ljósi þess að enginn viðmælandanna var búinn að gera ráð fyrir að vera með fjarfundi eða veffundi og báru því m.a. við að þau kynnu ekki á þetta eða vissu ekki hvernig þau ættu að bera sig að við að skipuleggja slíkt inn í námskeiðið. Þá voru þeim ekki kynntir neindir möguleikar á notkun kennslutækja annarra en umræðuþræða og nýttu því ekkert af þeim tæknilegu möguleikum sem í boði eru, s.s. rafræn próf, alfræðiorðabækur (e. wiki), rafrænar námsdagbækur og fleira.

Ef lítið er til nemendasamsetningar námskeiðanna sem kennd voru þessa önn hefði verið kjörið að prófa sig áfram með notkun upplýsingatækni þar sem fjarnemendur voru yfirleitt fáir í hverju námskeiði, frá þremur og upp í fimmtán og því þægilegar stærðir til að vinna með og læra á nýja tækni. Hentugasti fjöldi fjarnema í námskeiði eru níu nemendur samkvæmt Tomei (2006) þegar borinn er saman tími sem fer í kennslu og utanumhald í námskeiðum kenndum í stað- og fjarnámi (Tomei, 2006). Í lok annar eru kennararnir farnir að gera sér grein fyrir því að þeir verði að nýta sér tæknina frekar til að kennsla þeirra verði fullnægjandi. Því má segja að kennslufræði- og tæknilegur stuðningur sé enn mikilvægari þegar kemur að áframhaldandi kennslu og kennarar hafa gert sér grein fyrir hvað vantar upp á og hvað þeir þurfa að læra til að kennsla þeirra verði sem best.

Vinnuálag og lítil umbun eru þekktar „stærðir“ sem hamla í fjarkennslu. Sú vinna sem bætist við hjá fjarkennurum er í flestum tilfellum fölginn í að skipuleggja námskeið upp á nýtt, læra á hugbúnað og beita honum, gæta að samskiptum við fjarnemendur, þróa námsmat og vinna með reynslu sína (Mupinga og Maughan, 2008; Newton, 2003; Tomei, 2006). Fjarkennurum finnst samkvæmt O'Quinn og Corry (2002) ekki tekið tillit til mikils vinnuframlags vegna undirbúnings og kennslu í fjarnámskeiðum og kennslan ekki launuð sem skyldi miðað við

vinnuframlag. Þeir telja kennara bera ábyrgð á allri kennslunni og á tæknilegri framkvæmd hennar (O'Quinn og Corry, 2002). Þess vegna er svo mikilvægt að ef góður árangur á að nást hjá kennurum í kennslu og fræðimennsku að stofnunin taki tillit til allra þessara þátta þegar vinnuálag er áætlað (Mupinga og Maughan, 2008). Þetta kemur heim og saman við niðurstöður mínar þar sem kennararnir þrír í rannsókn minni höfðu allir orð á því að vinnuálag hefði aukist við það að hafa fjarnemendur í námskeiðum sínum. Einum viðmælandanum fannst vinnuálagið keyra úr hófi fram og ekki hafi verið tekið tillit til þess með umbun á neinn hátt og að það kæmi niður á annarri vinnu, s.s. rannsóknarskrifum. Eina umbunin umfram hefðbundin laun sem kennarar mannfræðinnar fengu var styrkur úr kennslumálasjóði sem ekki var búið að úthluta að önn lokinni. Það er frekar til að hleyppa illu blóði en bæta þegar kennarar fá ekki í hendur það sem búið var að lofa þeim eins og kom fram í máli eins viðmælenda míns.

Ein aðalviðbótin við vinnuna var samkvæmt einum viðmælandanum að svara tölvupósti frá nemendum. Newton (2003) telur að það sé eitt af því sem eykur vinnuálag fjarkennara mikið og að það sé yfirleitt ekki reiknað með þeim þætti þegar horft er til þess sem bætist við þegar um fjarkennslu er að ræða.

Það er þó alltaf erfitt að mæla vinnuálag þegar kemur að kennslu og ekki til nein ein formúla fyrir slíkt þar sem námskeið og kennsluhættir eru í eðli sínu ólík og ólíkar forsendur að baki. Nemendafjöldi í námskeiðum er misjafn hvort sem um fjar- eða staðnám er að ræða og kennarar með mismunandi afstöðu til kennslunnar sem skiptir miklu máli þegar kemur að því að meta vinnuálag (Mupinga og Maughan, 2008; Newton, 2003). Afstaða kennara í rannsókn minni til meira vinnuálags var mjög ólík þótt þau væru öll sammála um að meira álag hefði verið þessa önnina en áður. Ég held að það væri býsna erfitt að meta álag ef orð þeirra væru tekin sem stærð inn í slíka útreikninga. Það er þó samkvæmt Mupinga og Maughan (2008) oftast en ekki viðurkennt að meiri vinna fari í fjarnám þó að það sé ekki í öllum tilfellum og Newton (2003) telur að tvisvar sinnum meiri vinna fari í að kenna í fjarnámi. (Newton, 2003). Yfirleitt er ekki talin ástæða til að umbuna sérstaklega fyrir þessa auknu vinnu. Kennurum finnst vinnuálagið keyra um þverbak og umræða meðal þeirra verður neikvæð í kjölfarið þar sem orðsporið er að þetta sé meiri vinna fyrir litla umbun (Mupinga og Maughan, 2008). Þá kemur mikil vinna kennara niður á rannsóknnum og fólk fer að óttast að deildin missi stjórn á

kennsluþróuninni (O'Quinn og Corry, 2002) líkt og kemur fram í orðum eins viðmælenda míns sem telur sig ekki geta sinnt rannsóknum og öðru akademísku starfi vegna aukinsvinnuálags tengdu fjarnámskennslu.

7.2 Hvatning

Það eru hindranir í fjarkennslunni en að sama skapi eru líka þættir sem hjálpa kennurum að yfirstíga þessar hindranir og hvetja þá til dáða. Stundum er talað um innri og ytri hvata í þessu sambandi (Maguire 2005; Newton, 2003). Það má segja að í minni rannsókn sé það aðallega innri hvatar sem verður til þess að kennarar halda áfram og sjá jákvæðar hliðar á kennslunni en sú ytri hamli, s.s. vinnuálag og ónóg umbun.

Þegar ákvörðun er tekin um að bjóða mannfræði í fjarnámi er það að mati eins kennarans viss áskorun sem spennandi er að takast á við. Verkefnastjóri skorarinnar telur að kennararnir í heild sinni hafi litið svo á. Það má því segja að innri hvati hafi drifið þá áfram í upphafi þar sem þeir voru að takast á við mjög stórt verkefni með öllu sem því fylgdi þrátt fyrir litla eftirfylgni stofnunarinnar. Samkvæmt Maguire (2005) er innri hvatning kennara meiri en ytri þegar kemur að notkun á upplýsingatækni og kennarar líta á hana sem áskorun sem þá langar til að takast á við (Maguire, 2005). Undir þetta tekur Newton (2003) og telur að háskólakennarar sjái oft mikinn tilgang með því að nota tækni og annað til að miðla þekkingu sinni og ná til ólíkra nemendahópa óháð landamærum, tíma og rúmi. Sá tilgangur er óháður fjárhagslegum eða ytri hvötum (Newton, 2003; Shea, 2006). Þetta kemur mjög vel fram hjá einum af viðmælendum mínum sem er ósátt við margt en tæknin er ekki eitt af því og hamlar ekki í hennar tilfelli þar sem hún hefur gaman af henni og lítur á það sem skemmtilegt verkefni að fást við hana.

Þá sjá kennarar samkvæmt Shea (2006) kennslufræðilega möguleika á notkun tækninnar og finna fljótlega að ef þeir læri á hana komi það sér vel í kennslunni og þeir fara að gera frekari tilraunir með tæknina (Shea, 2006). Kennarar í rannsókn minni komast að þessari niðurstöðu í lok annarinnar þegar þeir eru allir farnir að gera ráð fyrir meiri notkun upplýsingatækni í kennslu á komandi önn. Þeir sjá að bæði þurfa þeir þess til að gera kennsluna betur úr garði fyrir fjarnemendur og þeir eru líka betur í stakk búnir til að takast á við nýja hluti en í upphafi. Þá telur Shea (2006) að fjarkennurum líki það vel að takast á við kennslufræðilegar áskoranir og gera tilraunir með kennslu sína. Einn af

þeim þáttum sem hann nefnir í því sambandi er að fjarkennarar fá oft nýjan skilning á námsmati og beitingu þess. Kennari í rannsókn minni upplifir slíkt í sinni kennslu þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að námsmatið muni breytast mikið til bóta fyrir alla nemendur þar sem hann noti meira símat en áður og telur að það sé eitthvað sem allir kennarar þurfi að horfa til.

Hvatning í formi viðurkenningar samstarfsfólks og stuðningur þess skiptir miklu máli. Það er mikil hvatning að kennari geti ráðfært sig við samkennara og að þeir leiti til hans, sérstaklega þegar kemur að nýtingu tækninnar og möguleikum hennar (Maguire, 2005). Tveir af viðmælendum mínum vilja meiri samvinnu um fjarkennsluna og samræma leiðir í formi umræðna fyrir nemendur og aðgang að fyrirlestrum. Annar þeirra stóð í kjölfarið fyrir fundi þar sem kennarar komu saman og ræddu málin. Einnig er hvetjandi að kennarar í öðrum stofnunum beri saman bækur sínar og leiti ráða hver hjá öðrum líkt og einn viðmælandi minn vill gera og horfir þar til Kennaraháskóla Íslands og þeirra aðferða sem þeir nota þar í sinni kennslu (Maguire, 2005; Shea 2006).

7.3 Framtíðin

Ég tel að vert sé að líta hér á vangaveltur kennaranna varðandi framtíðina því að þar kemur berlega fram hugarfarsbreyting þeirra frá því þeir byrja að kenna í upphafi annar og þar til í lok hennar.

Afstaða þeirra til kennslunnar breytist yfir önnina. Eins og kemur fram í niðurstöðum eru þau misjafnlega ánægð með að fara út í fjarkennslu, þau lenda í ýmsum uppákomum og erfiðleikum á leiðinni. Þetta verður til þess að í lokin er önnur afstaða en í byrjun. Þau hafa öll dregið mikinn lærdóm af kennslunni, hvert með sínum hætti. Samkvæmt Newton (2003) eru kennarar ekki með nægilega skýra sýn á það hvernig þeir ætla að nýta sér tæknina í kennslu þrátt fyrir að möguleikar séu miklir. Það sé hins vegar erfitt að mæla ástæðu slíks í rannsóknnum þar sem afstaða og skoðanir kennara breytast svo hratt eftir því hvar þeir eru staddir í kennslunni (Newton, 2003).

Kennarar í rannsókn minni veltu gæðum kennslunnar ekki fyrir sér í upphafi, hvort þau yrðu minni eða meiri við að kenna í fjarnámi. Í lokin ber á þeirri skoðun þeirra að þetta kennsluform henti illa í sumum tilfellum og tveir þeirra komast að þeirri niðurstöðu að námskeið þeirra falli ekki til fjarkennslu. Þeir telja að námið sé þess eðlis að nemendur

verði að vera á staðnum til að námsefnið skili sér sem skyldi og líst ekki vel á að halda áfram að kenna þau námskeið í fjarnámi. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður rannsókna O'Quinn og Corry (2002) og Newton (2003) um að kennarar séu ekki viljugir eða „mótiveraðir“ til að kenna í fjarnámi þar sem þeir telji að námskeiðin þeirra henti ekki fyrir slíka kennslu og kennarar hafi áhyggjur af því að upplýsingar þeirra tengdar námskeiðinu nái ekki til fjarnema á sem bestan hátt vegna takmarkana í miðlun, gagnvirkni og samskipti séu ónóg. Einnig hafi fjarnemendur ekki sama aðgang að bókasöfnum og rannsóknaraðstöðu, stúdentaráðgjöf (Newton, 2000; O'Quinn og Corry, 2002).

Einn viðmælenda er sammála hinum tveimur um það að fjarnámsformið henti misjafnlega eftir námskeiðum en telur þó að það eigi við alls staðar, það reyni hins vegar á kennara að beita mismunandi aðferðum. O'Quinn og Corry (2002) telja að þeir kennarar sem áður hafi kennt í fjarkennslu hafi ekki áhyggjur af gæðum kennslunnar líkt og þeir sem voru að hefja kennslu og telja jafnframt að það sé hægt að kenna nær allt í fjarnámi (O'Quinn og Corry, 2002). Míkir kennarar ætla þó að halda áfram og reyna að leita leiða til að kenna námskeiðin áfram og nýta til þess tæknina meira en þeir gerðu á þeirri önn sem fylgst var með líkt og kennarar í rannsókn Ásrúnar Matthíasdóttur (1999) voru tilbúnir til að gera þrátt fyrir erfiðleika í byrjun (Ásrún Matthíasdóttir, 1999).

8 Að lokum

Þegar ég fór af stað í þennan leiðangur var hugmyndin að skoða upplifun háskólakennara á því að hefja kennslu í fjarnámi. Í mínu tilviki var þetta í staðnámskeiðum þar sem fjarnemendum var boðið um borð. Reynolds mín er sú að háskólakennarar noti þau vinnubrögð sem þeir þekkja úr staðkennslunni og þurfi oftast en ekki mikla leiðsögn þegar þeir skipuleggja fjarkennslu.

Sú reynsla mín kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknarinnar sem leiða í ljós að kennarar nota ekki aðrar aðferðir en þær sem þeir hafa áður notað í staðkennslu. Þeir fá ekki þann stuðning frá stofnuninni (mannfræðiskor í þessu tilviki) sem þeir þurfa til að nýta möguleika upplýsingatækninnar heldur læra þeir af reynslunni um leið og þeir kenna námskeiðin. Fyrir vikið er vinnuálag meira. Umbun fyrir þessa auknu vinnu er lítil sem engin af hálfu stofnunarinnar sem verður ekki til þess að ýta undir þróun í kennslunni.

Háskólar nútímasamfélagsins eru stofnanir sem verða að læra og taka þátt í breytingaferli samtímans. Byggja verður upp sameiginlega sýn kennara og vinna saman að því að innleiða fjarnám til að það festist í sessi og verði partur af menningu stofnunarinnar (Hargreaves, 2000; Martin, 1999). Það verður því að hlusta á hugmyndir kennara sem vinna í breytingaferli eins og fjarkennslan kallar á, taka mark á þeim og vinna með þær. Kennararnir hafa persónulegu hvatninguna sem heldur ferlinu gangandi (Martin, 1999). Í því sambandi er rétt að horfa til þess jákvæða sem hvetur kennara áfram í frumkvöðlastarfi þeirra sem fjarkennarar og kemur fram í niðurstöðum, að nýta þá innri hvatningu sem verður til þess að þeir komast í gegnum starfið. Hvatinn að takast á við eitthvað nýtt, finna sameiginlegar leiðir að markinu, fást við tæknina með jákvæðum huga og sjá fram á frekari þróun í kennslu sinni er þess eðlis að vert er að gefa því gaum.

Ef háskólastofnanir ákveða að fara út í fjarkennslu verður að undirbúa jarðveginn vel og vinna að sameiginlegri stefnumótun sem tekur á þeim þáttum sem eru fylgifyiskar breytinganna og fylgja kennurum eftir í þeirra vinnu. Fjarkennsla er ekki bara kennsluform sem felst í því að taka það sem fyrir er og miðla því til nemenda með fyrirlestrum á neti og umræðum einum saman. Til þess að gera þetta sem best úr garði og nýta þá möguleika sem eru til staðar í upplýsingatækni verður stofnunin að

finna leiðir til að kynna slíkt fyrir kennurum og umbuna þeim fyrir aukna vinnu þannig að merkjanlegur árangur verði bæði fyrir kennara og nemendur. Í stuttu máli má draga þetta saman í eftirfarandi áhersluatriði:

- Byggja verður upp sameiginlega sýn og vinna að sameiginlegri stefnumótun.
- Styðja verður við kennara bæði kennslufræðilega og tæknilega.
- Umbuna þarf kennurum fyrir aukna vinnu.
- Rannsaka þarf vinnu fjarkennara enn frekar til að stuðla að því að þessir þættir verði sjálfsagt mál í umræðunni um vinnuframlag þeirra.

Það er von mín að niðurstöður þessarar rannsóknar verði innlegg í frekari umræður þegar lagt er af stað með fjarnám í einhverri mynd í íslensku háskólasamfélagi en líklegt er að það muni aukast í náinni framtíð miðað við þróun síðustu ára. Þá er gott að geta vísað í og skoðað niðurstöður sem þessar til að sem best verði að málum staðið.

Heimildaskrá

- Allen, I. E. og Seaman, J. (2008). *Staying the course: Online education in the United States*. 2008. Needham, MA: Babson Survey Research Group and The Solan Consortium. Sótt 20. ágúst 2010 af http://www.sloanconsortium.org/publications/survey/pdf/staying_the_course.pdf
- Anderson, T. og Garrison, D. R. (2005). *E-Learning in the 21st Century: A Framework for Research and Practice* (3. útgáfa). London: Routledge Falmer.
- Anna Ólafsdóttir. (2003). *Mat á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu í Háskólanum á Akureyri*. Óbirt M.Ed. ritgerð. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Archer, W., Walter, T. og Garrison, D. R. (2007). A Theory of Community of Inquiry. Í Michael Grahame Moore (Ritstj.), *Handbook of Distance Education* (bls. 77 – 85). London: Lawrence Erlbaum Associates Publishers.
- Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald. (2001). *Úttekt á fjarkennslu við Kennaraháskóla Íslands*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ. Sótt 1. ágúst 2009 af <http://starfsfolk.khi.is/allyson/fjarkennslaskyrslanetutgafa.pdf>
- Ásrún Matthíasdóttir. (2009). *The success is based on a lot of work. Attitudes of Distance Teachers*. Óbirt grein. Reykjavík.
- Ásrún Matthíasdóttir. (1999). *The Division of Early Childhood Education in the Icelandic University of Education, The Attitudes of Students and Teachers in Distance Education*. Óbirt M.Ed. ritgerð. The Open University, England.
- Brinkmann, S. og Kvale, S. (2009). *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing* (2. útgáfa). London: Sage.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research for education: An Introduction to Theories and Methods* (5. útgáfa). Boston: Pearson.
- Cohen, L., Manion, L. og Morrison, K. (2000). *Research methods in education* (5. útgáfa). New York: Routledge Falmer.
- Collis, B. og Moonen, J.C.M.M. (2005). *An On-Going Journey: Technology as a Learning Workbench*. Sótt í 1. október 2009 af <http://doc.utwente.nl/50888/>

- Collis, B., Pals, N. og Peters, O. (2001). A model for predicting the educational use of information and communication technologies. *Instructional Science*, 29 (2), 95-125. Sótt í febrúar 2010 af: <http://www.springerlink.com/content/v1112v2311g52397/>
- Fullan, M. (1993). *Cange Forces: Probing the Depths of Education Reform*. London: Falmer Press.
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Erla Þrándardóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Ögmundur Knútsson. (2007). *Fjarnám við íslenska háskóla: úttekt og stöðugreining*. Akureyri: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Sótt 1. október 2008 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam_isl_hask.pdf
- Guðrún Geirsdóttir, Harpa Pálmadóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sólveig Jakobsdóttir, Þorvaldur Pálmason, Þuríður Jóhannsdóttir. (2007). *Mótun stefnu í fjarkennslumálum hins sameinaða háskóla*. Reykjavík: Lokaskýrsla verkefnahóps. Háskóli Íslands. Sótt 20. apríl 2009 af http://www.hi.is/files/asset/stjornsysla/kennslusvid/kennslumidstod/071116_verkefnishopur_um_fjarnam_lokaskyrsla.pdf
- Guðrún Geirsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2009, mars). *What have we learnt and where are we heading?* Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu á vegum Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (e. d.) *Hagtölur: Háskólar*. Sótt 5. október 2009 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Haskolar>
- Hargreaves, A. (2000). *Changing Teachers, Changing Times: Teachers' Work and Culture in the Postmodern Age*. (6. útgáfa). London: Continuum.
- Hildur B. Svavarsdóttir. (2004). *Viðhorf og notkun kennara og nemenda við Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands á upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt 5. október 2009 af <http://namust.khi.is/khihasamanb.pdf>
- Hitchcock, G. og Hughes, D. (1995). *Research and the Teacher: A qualitative introduction to school-based research* (2. útgáfa.). London: Routledge Falmer.
- Holmberg, B. (2001). *Theory and Practice in Distance Education* (2. útgáfa). London: Routledge.

- Holmberg, B. (2007). A Theory of Teaching-Learning Conversations. Í Michael Grahame Moore (Ritstj.), *Handbook of Distance Education* (bls. 69 – 75). London: Routledge.
- Jones, N. og O'Shea, J. (2004). Challenging Hierarchies: The Impact of E-Learning. *Higher Education*, 48(3), 379-395. Sótt 5. október 2009 af <http://www.springerlink.com/content/g2635gp24r521587/>
- Jón Jónasson. (2001). *On-line distance education a feasible choice in teacher education in Iceland?* Óbirt M.Ed. ritgerð. University of Strathclyde, Skotland.
- Land, R. (2004). *Educational Development: Discourse, Identity and Practice*. Berkshire: Society for Research into Higher Education and Open University Press.
- Maguire, L. L. (2005). Faculty participation in online distance education: barriers and motivators. *Online Journal of Distance Learning Administration*. 8(1). Sótt í apríl 2010 af: <http://www.westga.edu/~distance/ojdla/spring81/maguire81>
- Mannfræðiskor. (2008). *Fundargerðir námsbrautar í mannfræði 2. sept, 16. sept, og 28. okt.* Óbirt gögn.
- Martin, E. (1999). *Changing Academic Work*. Berkshire: Society for Research into Higher Education and Open University Press.
- Mupinga, D, M., og Maughan G,R,. (2008). Web-Based Instruction and Community College Faculty Workload. *College Teaching*, 56(1), 17-21. Sótt 5. október 2009 af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?vid=1 &hid=111&sid=4d490d79-588d-4971-ac31->
- NámUst. (2009). *Rannsóknarverkefni um notkun upplýsinga –og samskiptatækni í námi og kennslu.* Sótt 5. október af <http://namust.khi.is/h%C3%A1ksk%C3%B3lar.htm>
- Newton, R. (2003). Staff attitudes to the development and delivery of e-learning. *New Library World*, 104(10), 412-425. Sótt 5. október 2009 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=500055291&Fmt=4&clientId=131689&RQT=309&VName=PQD&cfc=1>
- O'Quinn, L., og Corry, M. (2002). Factors that deter faculty from participating in distance education. *Online Journal of Distance Learning Administration*, 5(4), Sótt 4. apríl 2010 af <http://www.westga.edu/~distance/ojdla/winter54/Quinn54.htm>

- Rúnar Helgi Andrasón. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 281-293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Salmon, G. (2003). *E-Moderating. The Key to Teaching and Learning Online* (2. útgáfa). London: Routledge Falmer.
- Shea, P. (2006). Bridges and barriers to teaching online college courses: a study of experienced online faculty in thirty six colleges. *Journal of Asynchronous Learning Networks*, 11(2), 73-128. Sótt í október 2009 af http://www.sloan-c.org/publications/jaln/v11n2/pdf/v11n2_shea.pdf
- Sigurjón Mýrdal. (1996). Tæknimenning eða menningartækni?; -um ábyrgð menntakerfisins á upplýsingaöld. Drög. *Ýmsar greinar um upplýsingasamfélagið*. Sótt 6.sept 2010 af <http://www.simnet.is/annalar/val01/sigurjon/taeknimenning-menningartaekni-drog1996.htm>
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman D. (2003). *Doing Qualitative Research: A Practical Handbook*. London: Sage.
- Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2010). *Merging online and „traditional“ courses and student groups: a natural trend or a temporary tactic – why and how?*. Erindi flutt á EDEN. Valencia, Spánn.
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Stefna og Markmið Háskóla Íslands*. Sótt 3. apríl 2010 frá http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_og_markmid
- Tomei, L. A. (2006). The impact of online teaching on faculty load: computing the ideal class size for online courses. *The Free Library*. Sótt í apríl 2010 af: <http://www.thefreelibrary.com/The+impact+of+online+teaching+on+faculty+load:+computing+the+ideal...-a0147205382>